



PISTILL FORMANNS	4
PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	5
ALMENNT FÉLAGSSTARF	6
Aðalfundur 2020	
Félagsfundir	
Stjórn	
Trúnaðar- og hagsmunaráð	
Félagslegir skoðunarmenn reikninga	
Starfshópar og nefndir innan Samtakanna '78	
Ráðgjafahópur	
Fagráð Samtakanna '78	
Starfshópur um hinsegin ungmenni	
Starfshópar með aðkomu Samtakanna '78	
Starfshópur um málefni barna með ódæmigerð kyneinkenni	
HAGSMUNAFÉLÖG	9
Trans Ísland	
Hinsegin dagar	
Íþróttafélagið Styrmir	
Hinsegin kórinn	
Q - félag hinsegin stúdenta	
Trans vinir	
Bangsafélagið	
BDSM á Íslandi	
Intersex Ísland	
Ásar á Íslandi	
Hinsegin Norðurland	
Hinsegin Austurland	
FJÁRMÁL, REKSTUR, ÚTGÁFA OG UPPLÝSINGAMÁL	14
Samtökin '78 á fjárlögum	
Þjónustusamningar	
Þjónustusamningur við Forsætisráðuneyti – til þriggja ára	
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	
Samningur við Hafnarfjarðarkaupstað	
Samningur við Grindavík – nýtt samningsmynstur	
Möguleiki á fleiri samningum við sveitarfélög	
Styrkir velunnara	
Samstarf við fyrirtæki	
Regnbogavinir Samtakanna '78	
Komandi rekstrarár	
Skrifstofa og starfsfólk	
Húsnæðismál	
Upplýsinga- og kynningarmál	
Ný heimasíða Samtakanna '78	
Facebook	
Instagram	
Félagatal, félagsgjöld og félagsskírteini	
Útgáfa	
Leiðarvísir til foreldra þegar barnið þeirra kemur út	
Upplýsingaplakat fyrir 10-12 ára	
Hvernig er hægt að stofna fjölskyldu fyrir hinsegin fólk	

<p>Upplýsingar fyrir einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd Kynning á ráðgjöfinni Afmælisritið Útgáfa Samtakanna '78 á öruggum stað</p>	
ALÞJÓÐAMÁL	21
<p>Regnbogakort ILGA-Europe Ársþing ILGA-Europe Efling norræns samstarfs Stuðningur við hinsegin Ungverskt fólk</p>	
RÁÐGJAFAPJÓNUSTA OG LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF	23
<p>Almennt um ráðgjafapjónustuna Markmið með þjónustunni Trans teymi BUGL lagt niður Ráðgjafateymi Tölfræði ársins Almennt um notendur þjónustunnar Stuðningshópar Lögfræðiráðgjöf Þróun núverandi þjónustu og ut anumhald Framtíð ráðgjafapjónustunnar</p>	
FRÆDSLUSTARF	30
<p>Almennt um fræðsluna Kynjaþing ÍSÍ – trans börn og íþróttir GLSEN – skólakönnun Þjónustusamningar Tölulegar upplýsingar Framtíð fræðslunnar</p>	
ALÞJÓÐLEG VERND OG FLÓTTAFÓLK	33
<p>Þjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd Flóttafólk frá Kenýa – eftirfylgni</p>	
LÝÐHEILSA	34
<p>HIV og PrEP Ófbeldi og áreitni Blóðgjafir MSM</p>	
VIÐBURÐIR OG MENNING	36
<p>Áhrif COVID á menningar- og viðburðastarfsemi Starfsemi í Regnbogasal HinUng Hinsegin kaupfélagið A Queer Utopia? The dissonance b/w legal rights and societal acceptance in Iceland</p>	
ATBURÐIR	37
<p>Trans Jesú Sigmundur Davíð og Miðflokkurinn ræðst að intersex fólki Áskorun vegna BUGL Mani á heima hér Kynhlutlaus kynskráning hófst hjá Þjóðskrá Landlæknir sendir frá sér yfirlýsingu</p>	

Kirkja biður hinsegin samfélagið afsökunar, Ein saga – Eitt skref
Trans strætó

RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF	39
Almennt um réttindabaráttuna á Íslandi	
Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur	
Kynrænt sjálfræði	
HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐ SAMTAKANNA '78 OG TJARNARINNAR	41
Grunnupplýsingar félagsmiðstöðvar	
Umbótaaðgerðir	
Sértækt hópastarf í Hinsegin félagsmiðstöðinni	
10-12 ára starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar	
Öruggt rými í Hinsegin félagsmiðstöðinni	
Fagstarfið	
Foreldrasamstarf	
Sértækt hópastarf eða sértæk nálgun	
Allskonar merkilegt	
Umbótaaðgerðir	
Trans ungmenni – hópastarf	
Skápurinn – fataskiptaverkefni	
Þátttaka	
Almennar opnanir	
Stafrænar opnanir	
Umfjöllun um þátttöku	
Framtíðarsýn og aðgerðir	
Hnotuskurn	
Draumasýnin	
Skref til framtíðar	



Elsku félagsfólk,

Síðasta starfsár var svo sannarlega sögulegt. Þegar ég skrifaði sambærilegan pistil fyrir ári síðan var alheimsfaraldur COVID-19 nýfarinn að láta á sér kræla á Íslandi. Aðalfundur Samtakanna '78 árið 2020 varð raunar einn af síðustu viðburðunum sem haldnir voru í raunheimum áður en fyrsta samkomubannið skall á með tilheyrandi takmörkunum.

Nú, ári síðar, hittumst við á rafrænum aðalfundi. Þrátt fyrir alveg sérstaklega krefjandi tímabil, getum við í Samtökunum '78 litið aftur á starfsárið með stolti. Við höfum gert okkar allra besta til að laga okkur að aðstæðum og mæta félagsfólki okkar þar sem það er, t.d. með því að veita fjarráðgjöf, halda stuðningshópa yfir Zoom og senda viðburði út á vefnum. Stjórn og starfsfólk gátu svo nýtt það svigrúm sem skapaðist í upphafi faraldursins til þess að marka stefnu fyrir félagið, setja upp nýjan vef, gefa út bæklinga, fara yfir fræðsluefni og fleira. Ársskýrsla ársins 2020-2021 ber því vott um kröftugt starf og aðlögunarhæfni Samtakanna '78.

Í lok árs 2020 samþykkti Alþingi svo loksins endurbætt lög um kynrænt sjálfræði, sem veita börnum með ódæmigerð kyneinkenni í fyrsta sinn einhverja lagalega vernd gegn óafturkræfum inngripum í líkama þeirra og lögfesta stuðning og upplýsingagjöf til foreldra. Í upphafi árs lauk svo innleiðingartíma fyrri ákvæða í lögum um kynrænt sjálfræði og kvár (hér nota ég nýtt nafnorð um kynsegin fólk úr Hýrýrðum 2020) geta því fengið hlutlausa skráningu kyns í Þjóðskrá.

Við erum á réttri leið. Umsvif Samtakanna '78 halda áfram að aukast ár frá ári og fyrir tilstilli frábærs starfsfólks og sjálboðaliða getum við unnið sífellt öflugra starf í þágu hinsegin samfélagsins af ábyrgð og fagmennsku.

Ég hef lengi verið þeirra skoðunar að helsti óvinur réttinda hinsegin fólks á Íslandi er værukærð. Hún stendur í vegi fyrir nauðsynlegum breytingum í rétta átt og viðhaldi þekkingar og viðhorfa í samfélaginu. Við þurfum ekki að horfa langt út fyrir landsteinana til að sjá hvað umræða getur snúist hratt gegn hinsegin fólki. Til þess að geta staðið af okkur storminn verðum við að hlúa að félaginu okkar og ekki síst að samstöðunni okkar á milli. Samtökin '78 eru félag alls hinsegin fólks og við berjumst fyrir hagsmunum okkar allra. Þannig þurfum við að halda áfram.

Ykkar,
Þorbjörg



Kæra félagsfólk,

Starfsárið 2020–2021 fór alls ekki á þá leið eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Snemma í mars 2020 voru settar á fjöldatakmarkanir vegna COVID-19 sem setti menningar- og viðburðastarf okkar í erfiða stöðu. Brugðið var á það ráð að færa flest allt sem viðkom þeirri starfsemi á netið og unnið var ötullega að bæta allt upplýsingaflæði til muna. Stærsti liðurinn í því ferli var opnun nýrrar vefsíðu, en á nýju vefsíðunni eru allar upplýsingar aðgengilegri en áður, þar er hægt að lesa nánast allt um starfsemina og vefurinn er líka gagnvirkari en eldri vefir og notagildið því mun meira. Það var kjörið tækifæri að nýta þann tíma þegar samkomutakmarkanir voru sem strangastar í þessa vinnu.

Síðustu misseri höfum við einnig bætt rekstrarfé til muna, aflað nýrra tekna, fengið stærri styrki og samninga; sem nýtast okkur til framtíðar. Þó verður að benda á að Samtökin '78 eru enn undirfjármögnuð og reiða sig á einkiptis styrki, en á árinu 2020 stigum við stórt skref í átt að fjárhagslegri sjálfbærni þegar við skrifuðum undir samning við Takk-Miðlun. Takk-Miðlun mun afla okkur fleiri Regnbogavina og er það von okkar að einstaklingar taki vel í þá söfnun sem mun skila okkur í auknu sjálfbæru rekstrarfé. Ársreikningar 2020 sýna því ekki alveg raunhæfa mynd þar sem þar sem þessi þjónusta kostar mikið í byrjun en mun svo borga sig með tímanum.

Samtökin '78 er máttarstólpi. Við erum alltaf til staðar fyrir ykkur. Öll eruð innilega velkomin til okkar, alltaf. Hér á allt hinsegin fólk heima og við vinnum fyrir ykkur. Við megum aldrei gleyma uppruninum og að hinsegin fólk hugsar um hvert annað, Samtökin '78 er framlenging á þeim hugsunarhætti sem má aldrei gleymast. Þó að á stundum virðist undirritaður gleyma sér í rekstrarhugleiðingum og Excel töflum þá er það kærleikurinn, og þið öll sem knýr hann áfram.

Gleðilegt nýtt starfsár.

Daníel E. Arnarsson
Framkvæmdarstjóri

AÐALFUNDUR 2020

Aðalfundur ársins 2020 var haldinn 8. mars í Norræna húsinu. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands ogv verndari Samtakanna '78, opnaði fundinn. Fundarstjóri var Sema Erla Serdar og fundarritari Gísli Garðasson.

Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf, svo sem að kjósa stjórn, breyta lögum og fleira. Þorbjörg Þorvaldsdóttir var endurkjörin formaður Samtakanna '78 og Bjarndís Helga Tómasdóttir, Andrean Sigurgeirsson, Unnsteinn Jóhannsson og Edda Sigurðardóttir voru kjörin ný inn í stjórn. Ástæða þess að fjögur voru kjörin inn var sú að Sigurður Júlíus Guðmundsson tók þá ákvörðun að klára ekki kjörtímabil sitt og sitja aðeins eitt ár í stjórn.

Tvö hagsmunafélög voru samþykkt inn í félagið en þau eru: Hinsegin Austurland og Bangsafélagið.

Nánar má lesa um aðalfundinn í ítarlegri fundargerð sem er opinber á vefsíðu Samtakanna '78

FÉLAGSFUNDIR

Tveir félagsfundir voru haldnir á starfsárinu. Félagsfundur að vori var haldinn 27. júní 2020 í Þjóðminjasafninu. Eftir fundinn var umræða sem bar heitið Samtal kynslóðanna – Trans konur ræða saman. Félagsfundur að hausti var svo haldinn rafrænt 7. nóvember 2020, þar var fjárhagsáætlun kynnt sem og kjörnefnd kjörin, eftir þann félagsfund hélt Embla Guðrúnar Ágústsdóttir fyrirlestur um samvinnun og Ástrós Erla hélt rafræna hugleiðslu. Voru báðir fundirnir vel sóttir af félagsfólki.

STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 2020–2021 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, *formaður*
Unnsteinn Jóhannsson, *varaformaður*
Bjarndís Helga Tómasdóttir, *ritari*
Rósanna Andrésdóttir, *gjaldkeri*
Edda Sigurðardóttir, *alþjóðafulltrúi*
Sigurður Andrean Sigurgeirsson, *meðstjórnandi*
Marion Lerner, *meðstjórnandi*

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 8. mars 2020. Stjórn fundaði formlega 14 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, samtokin78.is.

TRÚNAÐAR- OG HAGSMUNARÁÐ

Trúnaðarráð Samtakanna '78 2020–2021 var skipað eftirfarandi aðilum:

Elly Hönnu Sigurðar, *formaður*
Steinar Svan Birgisson, *varaformaður*
Agnes Jónasdóttir, *áheyrnarfulltrúi í stjórn*
Sigtýr Ægir Kára, *varamaður áheyrnarfulltrúa*
Jódís Skúladóttir, *meðstjórnandi*

Anna Eir Guðfinnudóttir, *meðstjórnandi*
 Ragnar Pálsson, *meðstjórnandi*
 Eyþór Óli Borgþórsson, *meðstjórnandi*
 Kristín Ástríður Ásgeirsdóttir, *meðstjórnandi*
 Ástrós Erla Benediktsdóttir, *meðstjórnandi*

Trúnaðarráð hélt tvo löglega fundi á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn með formanni Samtakanna '78 í upphafi starfsárs. Sá seinni var sameiginlegur fundur stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs sem haldinn var 7. nóvember 2020. Fundargerðir funda trúnaðarráðs eru aðgengilegar á vef Samtakanna '78.

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum trúnaðarráðs.

Hagsmunafélög starfsárið 2020–2021 og fulltrúar þeirra voru:

Þorbjörg Bergmann fyrir Ása á Íslandi
 Harald Schaller fyrir Bangsafélagið
 Sindri Freyr Bjarnason fyrir BDSM á Íslandi
 Jórunn Þórkötludóttir fyrir FAS – félag aðstandenda og foreldra
 Bríet Finnsdóttir fyrir Intersex Ísland
 Hermann Kristinn fyrir HIN – Hinsegin norðurland
 Natalía Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska fyrir Hinsegin Austurland
 Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson fyrir Hinsegin daga
 Steina Natasha fyrir Hinsegin kórinn
 Vallý Hirst Baldurs fyrir Q-félag hinsegin stúdenta
 Viima Lampinen fyrir Trans Ísland
 Birna Björg Guðmundsdóttir fyrir Trans vini

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Sigurjón Guðmundsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2020–2021. Hafa þeir undirritað ársreikninga ársins 2020.

STARFSHÓPAR OG NEFNDIR INNAN SAMTAKANNA '78

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Nefndir og starfshópar félagsins hafa sameiginleg vinnusvæði í Facebook-hópum og hittast meðlimir þeirra í eigin persónu eftir þörfum. Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2020–2021:

RÁÐGJAFAHÓPUR

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þau geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við framkvæmdastjóra, formann og skrifstofustýru félagsins. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og ef svo ber undir, hvort þau telji æskilegt að bæta við fleiri ráðgjöfum. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins, en einnig notast þau mikið við tölvupóstsamskipti.

FAGRÁÐ SAMTAKANNA '78

Aðalfundur Samtakanna '78 sem haldinn var í mars 2018 samþykkti siðareglur Samtakanna. Í siðareglunum er gert ráð fyrir því að fylgja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Vinna við aðgerðaráætlunina hófst í nóvember 2018 en þá var óskað eftir fulltrúum til að skipa hóp um aðgerðaráætlun gegn ofbeldi (HAGO). Aðgerðaráætlunin var kynnt á félagsfundum 25. maí 2019 og kallað eftir athugasemdum. Hún var síðar samþykkt á félagsfundum 9. nóvember 2019. Samkvæmt aðgerðaráætluninni ber Samtökunum að starfrækja fagráð, en stjórn skipaði í fagráðið stuttu eftir félagsfund og hafa þau unnið að verklagsreglum og ferlum. Fagráðið skipa: Hafdís Inga Hinriksdóttir, Hjálmar Gunnar Sigmarsson og Arnrún Sveinsdóttir.

STARFSHÓPUR UM HINSEGIN UNGMENN

Starfshópur ungliða var stofnaður snemma árs 2020 og hefur sem markmið að þarfagreina núverandi úrræði fyrir hinsegin börn og ungmenni og vinna markvisst að því að bæta starfið. Hópurinn hefur fundað í nokkur skipti 2020 og 2021 en þó hefur COVID-19 faraldurinn sett svip sinn á störf vinnuhópsins. Hópurinn telur að ýmislegt sé hægt að bæta svo hægt sé að mæta þörfum þeirra sem félagsmiðstöðina sækja. Meðal þess sem rætt hefur verið er:

- Að gera rýmið öruggt fyrir öll ungmenni sem félagsmiðstöðina sækja, bæði andlegt rými og áþreifanlegt.
- Hinsegin félagsmiðstöð ætti að leggja meiri áherslu á hinseginleika. Eins og hún er í dag er hún of mikið eins og hver önnur félagsmiðstöð sem mætir þá ekki þörfum þeirra sem hana sækja.
- Hinsegin félagsmiðstöð ætti að vera vettvangur til að útrýma skömm og fordómum ungmenna gagnvart sjálfum sér og öðrum. Það væri t.d. gott að gera með aukinni fræðslu.
- Mikilvægt er að allt starfsfólk og sjálfboðaliðar fái fræðslu um öll málefni hinsegin fólks til að geta mætt þörfum ungmennanna betur með auknum skilningi.
- Hægt er að nýta þekkingu sjálfboðaliða betur en gert hefur verið hingað til.
- Starfið mætti móta betur hvað varðar skipulag opnana, þjálfun starfsfólks og verkaskiptingu.

Það er okkar von að vinna hópsins verði nýtt til að bæta starfið því það er virkilega mikilvægt fyrir ungmennin okkar sem eiga allt það besta skilið.

STARFSHÓPAR MEÐ AÐKOMU SAMTAKANNA '78

STARFSHÓPUR UM MÁLEFNI BARNNA MEÐ ÓDÆMIGERÐ KYNEINKENNI

Í kjölfar samþykkis laga um kynrænt sjálfræði var á grundvelli bráðabirgðarákvæðis stofnaður starfshópur um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Umræðuefni hópsins eru heilbrigðisþjónusta og tillögur um úrbætur. Jafnframt skal hópurinn semja frumvarp til laga um breytingar á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, sem feli í sér að bætt verði við lögin ákvæði sem fjallar um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

Starfshópurinn skilaði sinni vinnu í september 2020 sem var grunnur að nýjum kafla í lögum um kynrænt sjálfræði. Alls fundaði starfshópurinn átta sinnum.

TRANS ÍSLAND

Trans Ísland eru hagsmuna- og baráttu samtök trans fólks á Íslandi. Félagið var stofnað árið 2007 og hefur frá stofnun beitt sér fyrir bættum réttindum trans fólks, ásamt því að standa í vitundavakningu varðandi málefni trans fólks í samfélaginu.

Félagið hefur átt þátt í að skapa ýmsar lagabreytingar í íslensku samfélagi, t.a.m. lögum um kynrænt sjálfræði, breytingar á hegningarlögum og öðrum lögum er lúta að málefnum trans fólks.

Félagið hefur einnig starfað í fræðslustarfsemi og vinnur nú að útgáfu fræðsluefnis um orðanotkun í fjölmiðlum og heilbrigðisþjónustu fyrir trans fólk. Á árinu setti félagið á fót nafna- og kynbreytingarsjóðinn Blær, sem kemur til móts við trans fólk sem hefur ekki efni á að borga gjald til að leiðrétta nafn og kyn í Þjóðskrá.

Á árinu fékk félagið ýmsa styrki fyrir starfi sitt, meðal annars frá minningarsjóði Gunnar Thoroddsen, sem hefur verið nýttur til að útbúa fræðsluefni. Félagið vinnur nú hörðum höndum að verkefni þar sem er verið að skrásetja sögu trans fólks á Íslandi.

Félagið hefur átt hagsmunaaðild í Samtökunum '78 frá stofnun og starfar náið með félaginu í réttindabaráttu trans fólks á Íslandi.

HINSEGIN DAGAR

Hinsegin dagar halda árlega Hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og eiga í samstarfi við þær. Hinsegin dagar hafa verið opinber borgarhátíð Reykjavíkur og verða áfram 2020–2022.

Árið 2020 verður að teljast eitt af mest krefjandi árum í sögu Hinsegin daga en til stóð að fagna 20 ára afmæli Gleðigöngunnar í Reykjavík með pompi og prakt. Það varð ljóst snemma sumars að aflýsa yrði göngunni í sinni hefðbundnu mynd sökum fjöldatakmakanna og önnur bylga faraldursins skall svo á samfélaginu aðeins örfáum dögum fyrir setningu Hinsegin daga. Af þeim sökum varð að aflýsa flestum viðburðum.

En Hinsegin dagarnir komu nú samt. Hið árlega tímarit Hinsegin daga var gefið út. Hinsegin kaupfélagið opnaði netverslun í samstarfi við Samtökin '78 og regnbogagrímur seldust eins og heitar lummur. Samfélagsmiðlar voru málaðir í öllum regnbogans litum, fjölmargir gengu sínar eigin gleðigöngur og deildu myndum undir myllumerkinu *Stolt í hverju skrefi*.

Glæsilegri hátíðardagskrá var sjónvarpað í ríkissjónvarpinu og fram kom stórkostlegur hópur af hinsegin listafólki. Þátturinn fékk gríðargott áhorf í beinni útsendingu auk þess sem margir hafa síðan horft á hann í spilara RÚV og einstök atriði á samfélagsmiðlum.

Heimildarmynd Hrafnhildar Gunnarsdóttur, Fjaðrafok, var frumsýnd á RÚV á lokadegi hátíðarinnar. Þar er tuttugu ára sögu Gleðigöngunnar gerð skil með viðtölum og myndbrotum. Það var mörgum kærkomin huggun að rífa upp skemmtileg augnablik úr sögu Gleðigöngunnar en ennfremur var það nauðsynleg áminning fyrir samfélagið allt að glöggva sig á mikilvægi göngunnar, sýnileikans, stoltsins og samtakamáttarins.

Nánar á hinsegindagar.is og [/reykjavikpride](https://www.facebook.com/reykjavikpride) á Facebook.

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ STYRMIR

Markmið Styrmis frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmótinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Nokkrir einstaklingar hafa á starfsárinu haldið starfinu uppi og blásið til reglulegra sundæfinga. Hittist hópurinn þrisvar í viku.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSÍ og hefur átt gott samstarf við þau félög í gegnum tíðina. Nánar á Facebook: /styrmir.sport

HINSEGIN KÓRINN

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Hinsegin kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er opinn öllum 18 ára og eldri að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Hinsegin kórinn var einn örfárri kóra sem héldu æfingum áfram í gegnum COVID með hjálp Zoom og viðhélt mikilvægum félagslegum þætti kórastarfs í gegnum þessa erfiðu tíma.

Árið 2021 fagnar kórinn einnig 10 ára afmæli og stefnt er að því að halda veglega afmælistónleika á haustdögum.

Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tilefni, m.a. á árlegum jóla- og vortónleikum sínum, Hinsegin dögum og í Regnbogamesu, svo fátt eitt sé nefnt.

Kórinn er blandaður kór sem leggur ríka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru um 70 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Sigurður Júlíus Guðmundsson. Nánar á hinseginkorinn.is og /hinseginkorinn á Facebook.

Q – FÉLAG HINSEGIN STÚDENTA

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks á Íslandi.

Vegna COVID-19 hefur starfsemi Q fallið að mestu leyti niður. Félagið stóð fyrir nokkrum rafrænum viðburðum sem voru ágætlega sóttir. Ekkert varð úr hinsegin sumarbúðunum þetta árið og ætluðum við í stað þess að fara í útilegu en vegna fjölgunar á smitum féll hún niður. Félagið var í samskiptum við Black & Pink Iceland í sambandi við Hinsegin hinsegin daga, tók þátt í Jafnréttisdögum háskólanna með LÍS og öðrum jafnréttisfulltrúum innan háskólasamfélagsins, og sendi fulltrúa á málþing kynjafræðinema í framhaldsskólum.

Öll eru velkomin á viðburði Q-félagsins en félagið er sérstaklega ætlað hinsegin stúdentum og þeim sem starfa við háskóla og/eða er á aldrinum 18–30 ára. Þrátt fyrir að vera félag hinsegin stúdenta þá er fólki sem ekki er hinsegin velkomið að taka þátt í starfinu og hvatt til þess. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur fyrir tengslamyndun, félagslíf og aktívisma.

Undanfarin ár hefur Q-félagið, í samstarfi við Samtökin '78, staðið fyrir vísindaferðum fyrir nemendafélög innan háskólanna. Mikill áhugi er fyrir þessum vísindaferðum en engar hafa verið haldnar á þessu starfsári vegna COVID-19.

TRANS VINIR

Stjórn Trans Vina hefur eins og gefur að skilja ekki náð eins mörgum markmiðum og við lögðum með upp í upphafi árs 2020 vegna heimsfaraldsins. Við náðum ekki að halda þá hittinga sem við ætluðum að halda né taka þátt í Hinsegin dögum.

Þrátt fyrir þetta þá náðum við að gera heilmikið til að koma okkar málefnum áfram. Okkur var boðið í viðtala hjá Mannlíf, við söfnuðum undirskriftum vegna BUGL með Trans Íslandi og Samtökunum '78 sem urðu 3369 talsins. Fórum í útvarpsviðtal vegna undirskriftanna og viðtalsins í Mannlíf. Afhentum undirskriftarlistann og vorum í fréttunum, við vorum sýnileg og sýndum að við eru til og stöndum saman með börnunum okkar og aðstandendum.

Við vorum líka búin að setja okkur háleit markmið fyrir starfsárið 2020 en náðum ekki að klára öll. En þau eru ekki gleymd heldur höldum við ótrauð áfram og höfum bætt við verkefni og breytt sumum. Það helsta er að félagið fékk styrki til að gefa út bækur og er fyrsta bókin í útgáfufurli og bók númer tvo er á borðinu til að fara í vinnslu. Það komu út sjónvarpsþættirnir Trans Börn á vegum Stöð 2, þótt félagið tók ekki þátt í því ferli þá auglýstum við það mikið.

BANGSAFÉLAGIÐ

Bangsafélagið var stofnað árið 2019 til að halda utan um bangsahátíðina Reykjavík Bear sem tók við Bears on Ice hátíðinni sem var haldin í síðasta sinn þetta sama ár.

Bangsafélagið hefur það markmið að halda árlega Reykjavík Bear hátíð en auk þess að halda reglulega minni viðburði fyrir bangsa og aðdáendur þeirra. Markmið félagsins er einnig að skapa böngsum félagslegan vettvang til að styrkja sjálfsmynd sína, samstöðu og sýnileika sem og að rækta tengsl við erlendar bangsahreyfingar.

Árið 2020 stóð til að halda fyrstu Reykjavík Bear hátíðina en vegna COVID þurfti að aflýsa henni. Einnig stóð til að Bangsafélagið myndi taka þátt í Hinsegin dögum með þátttöku í göngunni og með því að halda partý í samstarfi við Humpday Social. Einnig þurfti að hætta við þau áform. Nokkur önnur partý og viðburðir voru áformuð en aðeins tókst að halda eitt partý vegna COVID ástandsins.

Ætlað er að halda nokkra viðburði með batnandi ástandi og fyrsta opinbera Reykjavík Bear hátíðin er í fullum undirbúningi og verður haldin 2.–5. September á meðan aðstæður leyfa.

Nánari upplýsingar má finna á reykjavikbear.is eða á Facebook undir /rvkbear og /bangsafelagid.

BDSM Á ÍSLANDI

Félagið BDSM á Íslandi er fræðslu- og hagsmunafélag fólks með BDSM-hneigðir. Starf félagsins er fjölbreytt, t.d. að auka sýnileika og berjast gegn fordómum í samfélaginu, sinna fræðslu, vera opinber málsvari BDSM-hneigðra og sinna réttindabaráttu.

Síðasta ár var að vonum rólegt og þar sem ekki var hægt að halda úti skipulögðum fræðsluviðburðum með góðu móti var áhersla lögð á að svara fyrirspurnum frá einstaklingum og veita þeim aðstoð og fræðslu eftir bestu getu í gegnum tölvupóst og facebook-síðu félagsins.

INTERSEX ÍSLAND

Intersex Ísland var stofnað árið 2014 með því markmiði að auka meðvitund um málefni fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni og stuðla að því að fræðsla um málefni intersex fólks aukist á Íslandi. Félagið hefur unnið að lagabreytingum sem tryggja intersex fólk, og þá sérstaklega intersex börnum, vernd fyrir óafturkræfum inngripum inni líma þeirra sem byggjast á félagslegum, sálfélagslegum eða útlitslegum gildum og þjóna ekki brýnum heilsufarslegum tilgangi.

Árið 2020 voru samþykkt lög á Alþingi sem veita hluta barna með ódæmigerð kyneinkenni vernd fyrir inngripum sem þjóna ekki heilsu barnsins en hluti barna með ódæmigerð kyneinkenni er ekki tryggð sú sama vernd. Á næstu árum er því mikil vinna fyrir höndum til þess að tryggja öllum börnum sömu vernd ásamt því að tryggja rétt intersex barna og foreldra þeirra aðgengi að sálfélagslegum stuðningi byggð á mannréttinda sjónarmiðum.

ÁSAR Á ÍSLANDI

Ásar á Íslandi er félag eikynhneigðra og eirómantískra. Félagið hefur verið formlega starfandi frá 2018 en á sér aðeins lengri sögu. Á stuttri ævi félagsins hefur sýnileikri eikynhneigðra og eirómantískra stóraukist. Félagið hefur átt í góðu samstarfi við önnur félög undir hinsegin regnhlífinni sem hefur verið ómetanlegt. Ásar á Íslandi eru þakklát fyrir þau skref sem önnur hinsegin félög og einstaklingar hafa stigið og rutt veginn. Við höfum fengið að feta í fótspor þeirra og erum þakklát fyrir. Síðasta starfsár var að mörgu leiti undarlegt vegna heimsfaraldurs en við erum spennt fyrir bjartri framtíð og hlökkum til frekari samstarfs, sýnileika, gleði og hamingju.

Frekari upplýsingar er hægt að finna á Facebook síðu félagsins, /acearóiceland, og á heimasíðu okkar asaraislandi.is

HINSEGIN NORÐURLAND

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og fara ört stækkandi.

Nánar á Facebook /hinsegin eða í netfanginu hinnordur@gmail.com

HINSEGIN AUSTURLAND

Félagið Hinsegin Austurland var stofnað þann 28. Desember 2019 og mættu um 60 einstaklingar á stofnfund sem haldin var á Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum. Í stjórn sitja:

Jódís Skúladóttir
 Natalia Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska
 Þórhallur Jóhannsson
 Sigfríð Hallgrímsdóttir
 Marteinn Lundi Kjartansson

Stjórn hefur fundað fimm sinnum en COVID hefur haft talsverð áhrif á starfið.

Helstu viðburðir undanfarins árs eru:**28. Desember 2019**

Stofnfundur, Tóttla fræðslustýra S '78 og Bríet Finnsdóttir – í stjórn Intersex Ísland fluttu erindi og Haffi Haff flutti tónlist í hléi fyrir fundargesti. Dagurinn endaði svo með drag-keppni og Pallaballi.

11. Febrúar 2020

Hinsegin Austurlandi var boðið að funda með heilbrigðisráðherra, umhverfissráðherra og þingmönnum VG

20. febrúar 2020

Fræðsla í félagsmiðstöðinni Nýjung á Egilsstöðum.

21. febrúar 2020

Fræðslufundur og pubquis á Seyðisfirði.

6. mars 2020

Fræðsla fyrir Odd Fellow á Egilsstöðum

8. mars 2020

Aðalfundur Samtakanna '78 samþykkti á aðalfundi sínum hagsmunaaðild Hinsegin Austurlands og Jódís Skúladóttir var jafnframt kosin í trúnaðarráð Samtakanna '78.

2. júní 2020

Fræðsla fyrir Rótarý á Egilsstöðum.

13. júní 2020

Aðalfundur og fræðsluerindi um trans málefni frá Veigu Grétarsdóttur í Beituskúrnum Neskaupstað.

27. september 2020

Regnbogamessa í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði

SAMTÖKIN '78 Á FJÁRLÖGUM

Líkt og á árinu 2020 munu Samtökin '78 fá tuttugu milljóna króna eingreiðslu sem samþykkt var af fjárlaganefnd Alþingis. Þessi eingreiðsla kemur sér afar vel fyrir Samtökin því þau hafa, eins og flest vita, stækkað mikið á síðustu árum. Þó verður að minnast á að erfitt er að treysta á slíkar eingreiðslur og mun stjórn ásamt framkvæmdastjóra leita frekari leiða á árinu 2021 til að gera reksturinn tryggari og sjálfbærari.

Fjárveitingin var ekki í upphaflegum drögum en við vinnslu málsins í þinginu lagði meirihluti fjárlaganefndar til 20 milljóna króna tímabundið framlag sem síðar var samþykkt af Alþingi.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTI – TIL ÞRIGGJA ÁRA

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, undirrituðu nýjan þjónustusamning um að samtökin sinni sértækri fræðslu, þjónustu og ráðgjöf er varða málefni hinsegin fólks.

Með samningnum er framhald samstarfs frá síðustu tveimur árum eftt. Þannig er samningnum ætlað að stuðla að þjónustu annars vegar fyrir hinsegin einstaklinga og aðstandendur þeirra og hins vegar fyrir fagfólk í almannaðjónustu, þar með talið í opinberri stjórnsýslu og skólum.

Samningurinn er til þriggja ára, og greiðir forsætisráðuneytið Samtökunum '78 fimmtán milljónir króna árlega næstu þrjú árin til að sinna þeim verkþáttum sem samningurinn tekur til.

Samið er um eftirtalda þætti til þriggja ára:

- Að standa fyrir fræðslu um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning, s.s. starfsfólk opinberrar stjórnsýslu og skóla. Skal fræðslan veitt án endurgjalds.
- Að standa fyrir árlegum samráðsfundum með kennurum sem kenna kynja-, jafnréttis-, og hinseginfræði á öllum skólastigum í því augnamiði að auka þekkingu og færni kennara á jafnréttismálum og málefnum hinsegin fólks.
- Að eiga árlega samráðsfund með kjörnum fulltrúum og sérfræðingum sem vinna að opinberri stefnumótun á sviði jafnréttismála um málefni hinsegin fólks.
- Að sinna ráðgjöf og hafa umsjón með stuðningshópum sem ætlað er að tryggja að hinsegin fólki og aðstandendum þess standi til boða, því að kostnaðarlausu, ráðgjöf vegna persónulegra mála sem og félags-, sálfræði- og lögfræðiráðgjöf. Þjónustan skal veitt á landsvísu eftir því sem við verður komið með samskiptum í gegnum tölvupóst, síma eða á vefnum. Ef einstaklingar sem hafa þörf fyrir túlkabjónustu leita til verksala skal hann annast kaup á þeirri þjónustu með tilliti til samnings þessa.
- Að sinna alþjóðasamstarfi sem hafi að markmiði að byggja upp tengsl við systursamtök á hinum Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi og miðla af reynslu annarra hér á landi.

- Að taka virkan þátt í árlegu kynjapingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála og tryggja að raddir hinsegin fólks heyrist á þinginu.

Samtökin '78 eru þakklát forsætisráðuneytinu fyrir endurnýjun samningsins og vilja sérstaklega þakka Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Herdísi Sólborgu Haraldsdóttur fyrir ánægjulega samvinnu.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ REYKJAVÍKURBORG

Samtökin sömdu undir lok ársins 2020 við Reykjavíkurborg og er samið til þriggja ára. Samið er um ráðgjöf, fræðslu og félagsmiðstöð og hljóða samningarnir samtals upp á 8,7 milljónir króna árlega. Á árinu 2020 fengu Samtökin tveggja milljóna króna aukastyrk til að bregðast við mikilli aukningu í Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar og var sá styrkur einnig samþykktur fyrir árið 2021.

Samningur við Reykjavíkurborg, að þessu sinni, er örlítið breyttur frá fyrri samningi en nú munu Samtökin '78 ekki fræða starfsfólk grunnskóla heldur einungis nemendur. Aukin áhersla er lög á Íþróttafélög innan Reykjavíkurborgar. Samtökin '78 skuldbinda sig til að bjóða fram og veita fræðslufundi fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða hverfisfélaga innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Reykjavíkurborg skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Hvert hverfisfélag innan ÍBR skal fá hinseginfræðslu einu sinni á ári á samningstímanum. Samningurinn gildir út árið 2023.

SAMNINGUR VIÐ HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ

Samtökin endursömdu við Hafnarfjarðarkaupstað, líkt og undanfarin ár, um áframhaldandi fræðslu og þjónustu við hafnfirsk ungmenni sem og aðra starfsmenn Hafnarfjarðar. Samningurinn er til eins árs og hljóðar upp á 950.000 krónur á ári.

SAMNINGUR VIÐ GRINDAVÍK – NÝTT SAMNINGSMYNSTUR

Grindavíkurbær óskaði eftir samningaviðræðum við Samtökin '78. Að þeim loknum hefur Grindavíkurbær nú aðgang að víðtækri þjónustu Samtakanna '78 og má segja að nýtt samningsmynstur hafi verið skapað, byggt á reynslu Samtakanna t.d. við samningagerð við Hafnarfjarðarkaupstað og Reykjavíkurborg. Samið var um eftitalda þætti: Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, þar sem allt starfsfólk fær fræðslu fyrsta árið, en aðeins nýtt starfsfólk síðari tvö árin. Fræðsla til nemenda grunnskóla, þar sem þrír árgangar (3. 6. og 9. bekkur) fá fræðslu. Fræðsla til stjórnenda Grindavíkurbæjar, ráðgjöf til Grindvíkinga, fræðsla til starfsfólks leikskóla sem og starfsfólks og notendur frístunda- og félagsmiðstöðva. Samtökin '78 eru afar ánægð að geta boðið upp á þessa þjónustu fyrir Grindavíkurbæ og vilja sérstaklega þakka Eggert S. Jónssyni fyrir góðar samningsviðræður.

MÖGULEIKI Á FLEIRI SAMNINGUM VIÐ SVEITARFÉLÖG

Stjórn hefur lagt mikla áherslu á það að gera fleiri samninga við sveitarfélög víðsvegar um landið. Samningsviðræður eru í gangi í þremur sveitarfélögum og eru komnar ágætlega á veg á Akureyri og Snæfellsbæ. Það er von okkar allra að á árinu 2021 munu fleiri sveitarfélög semja við Samtökin '78 um nauðsynlega og þarfa hinsegin fræðslu.

STYRKIR VELUNNARA

Samtökin '78 búa vel að mörgum velunnurum félagsins en fjöldi einstaklinga hefur lagt Samtökunum lið á starfsárinu í hinum ýmsu málefnum. Þó er einn málaflokkur, er varðar hinsegin fólk í leit að alþjóðlegri vernd, sem hefur verið styrktur sífellt meira af einstaklingum. Líklegasta skýring þessa er að enginn þjónustusamningur er við Samtökin '78 til að fjármagna málaflökkinn. Því hefur samfélagið sjálft gripið inn í með nauðsynlegum fjárstyrkjum.

SAMSTARF VIÐ FYRIRTÆKI

Samtökin '78 hafa notið góðs af því á síðasta starfsári að vera tengd fyrirtækjum sem taka samfélagslegri ábyrgð alvarlega. Ber þar helst að nefna Landsbankann, Globus, Sockbox, Arína – upplýsingatækni og Te & Kaffi. Þessi fyrirtæki hafa öll styrkt Samtökin '78 með beinum fjárframlögum eða styrkjum í formi vara eða þjónustu.

Nokkur fyrirtæki hafa aukinheldur leitað til Samtakanna þegar kemur að hinsegin málum, eru ávallt tilbúin til samstarfs, ásamt því að vera alltaf til staðar þegar Samtökin þurfa á smærri styrkjum eða þjónustu á að halda. Viljum við sérstaklega nefna Pink Iceland, Kíkí Queer Bar, Skúla Craft Bar, Grænu stofuna, Jómfrúna, Gaukinn, Mótíf auglýsingavörur, Litróf og fleiri.

REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Á árinu 2020 var lögð rík áhersla á söfnun einstakra styrkja frá einstaklingum. Gerður var samningur við fyrirtækið Takk-Miðlun sem nú sjá um einstaka styrki til Samtakanna '78. Öll geta gerst Regnbogavinir og hefur það aldrei verið jafneinfalt. Takk-Miðlun hefur aðstoðað Samtökin '78 við söfnun, meðal annars með símtölum til almennings og Facebook-leikjum.

Strax hefur þessi vinna borið árangur, og eru nú 261 einstaklingar Regnbogavinir. Þetta þýðir að Samtökin eiga von á 370.000 krónum mánaðarlega. Markmið ársins 2021 er að safna 500 Regnbogavinum og að mánaðarlega skili sér rúmar 700.000 krónum til Samtakanna frá einstaklingum.

KOMANDI REKSTRARÁR

Búast má við rólegra rekstrarári en síðustu ár. Ástæða þess er aðallega hve mikið Samtökin '78 hafa vaxið á undanförunum árum. Hér er yfirlit yfir fastar rekstrartekjur frá árinu 2014:

2013	13.312.753	2016	19.217.261	2019	41.483.265
2014	14.409.490	2017	19.584.236	2020	55.500.000
2015	16.842.278	2018	35.764.672	2021*	55.985.334

Þetta hefur gert það að verkum að nokkrir vaxtarverkir hafa látið á sér kræla og við þurfum að byggja traustan grunn fyrir félagsfólk allt. Væntanlega munu styrkjendur Samtakanna '78 verða fleiri á árinu, samningar eru lengri og stærri, t.d. við Forsætisráðuneytið, og fleiri samningar við sveitarfélög eru í kortunum.

SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Skrifstofa Samtakanna '78 hefur tekið einhverjum breytingum á síðasta starfsári. Daníel E. Arnarsson er enn framkvæmdastjóri og hefur hann gegnt þeirri stöðu frá 1. júlí 2017. Sólveig Rós var í fæðingarorlofi allt árið 2020 en hún hefur snúið aftur á skrifstofuna og sinnir nú starfi verkefnastýru tímabundið til 31. mars en þá mun hún ljúka störfum hjá Samtökunum '78. Tóttla I. Sæmundsdóttir heldur áfram sem fræðslustýra. Heiðrún Fivelstad sem tók við starfi verkefna- og viðburðastýru á árinu 2020, en hún var áður skrifstofustýra, lét af störfum um áramótin 2020–2021. Sigurgeir Ingi Auðar Þorkelsson var ráðinn inn sem móttökuritari í 60% starf en mun taka við starfi kynningar- og viðburðastjóra 1. apríl nk. Skrifstofan er því vel mönnuð fyrir komandi verkefni, en auðséð er að nýjan móttökuritari þarf að ráða.

Eftir sem áður hafa Samtökin '78 notið aðstoðar öflugra sjálfbóðaliða sem sinna verkefnum ötullega, en með auknu starfsmannahaldi hefur fjöldi mála flust yfir á launað starfsfólk Samtakanna. Á starfsárinu hafa Samtökin '78 haldið áfram vinnunni að flytja allan almennan rekstur félagsins á starfsfólk og halda sjálfböðadrifnum verkefnum sértækum. Aukið starfsmannahald tryggir sjálfbærni Samtakanna '78 og eykur stofnanaminni.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Samtakanna '78 í Suðurgötu 3 sinnir margvíslegu starfi. Ekki nóg með að vera skrifstofuaðstaða starfsfólks og félagsheimili, þá húsir Suðurgatan ráðgjafa Samtakanna '78, húsir alla stuðningshópa og fjölbreytta viðburði aðildarféлага. Því má segja að Suðurgata 3 sé orðinn ákveðinn miðpunktur í hinsegin starfi samfélagsins alls.

Vorið 2020 var sú ákvörðun tekin að flytja skrifstofuna í kjallara húsnæðisins, enda það rými lítið notað. Flutningar voru á áætlun, skipt var um gólfefni kjallarans, hann málaður, hönnuð lýsing og fleira til. Haustið 2020 fór starfsfólk að finna fyrir þurrki í hálsi og húð, slappleika og svima, því var ákveðið að leita til EFLU-verkfræðistofu til að kanna málið frekar og raka- og mygluskemmdir reyndust vera í húsnæðinu. Af þeim sökum fluttist skrifstofan ekki niður eins og áætlað var heldur í Hverfisgötu 38 þar sem hún er enn, enda þó nokkrar framkvæmdir í vændum til að laga raka- og mygluskemmdir.

Starfsfólki líður vel í bakhúsi hjá vinum okkar í Pink Iceland en hlakka mikið til að flytja aftur í Suðurgötu að framkvæmdum loknum, en þær munu innibera það að skipt verður um þak á húsnæðinu, allar rennur og drenlagnir lagaðar, skorsteini lokað og þakglugga skipt út. Við vonum öll að þetta muni ganga fljótt fyrir sig og að Suðurgatan geti verið í þeim blóma sem hún á skilið.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Samtökin '78 halda úti vefsíðu, póstlista og eru virk á helstu samfélagsmiðlum, svo sem Facebook og Instagram.

NÝ HEIMASÍÐA SAMTAKANNA '78

Á vordögum 2020 opnuðu Samtökin '78 nýja heimasíðu. Heimasíðan er mun efnismeiri en fyrri síður, notendavænni og auðveldar aðgengi að þjónustu samtakanna. Einfalt er að bóka fræðslu, ráðgjöf, komast í samband við starfsfólk, lesa sér til um Samtökin og fleira og fleira. Nýja heimasíðan er smíðuð af starfsfólki Samtakanna '78 sem þýðir að allar uppfærslur, breytingar og fleira því tengdu eru

nú mun auðveldari í sniðum. Vefur samtakanna á að vera auðveldur og þægilegur fyrir þau sem hann skoða.

Nokkrar áskoranir voru við smíðun vefsins, en mikið af efni þarf að koma fram á einfaldan hátt. Því var gripið til þess ráðs að skrifa „spurt og svarað“ síðu, en þangað getur fólk farið til að lesa sér til um algengustu spurningar.

Eins er vefurinn afar góður því hann nýtist einnig starfsfólki við gagnaöflun, þ.e. að skráningarform og fleira er nú mun auðveldara að gera í gegnum heimasíðuna.

Samtökin '78 eru afar ánægð með vefinn og vonum að notendur hans deili þeirri ánægju með okkur. Sigtýr Ægir Kárason á heiðurinn af teikningum sem veita vefnum hlýjan og fallegan blæ.

FACEBOOK

Facebook-síðan er eitt helsta tæki Samtakanna '78 til upplýsingarmiðlunar og hefur mikil vinna verið lögð í að betrumbæta aðgengi að upplýsingum á Facebook á starfsárinu.

Fylgjendur Samtakanna '78 á Facebook eru samtals 7.873 þegar skrifað er, sem er aukning um 1147 fylgjendur frá því í fyrra, eða tæp 15% aukning. Þessi aukning má líklegast skýrast af meiri virkni á Facebook, tíðari uppfærslur og heildrænna utan umhald.

INSTAGRAM

Samtökin '78 voru mun virkari á Instagram á starfsárinu en síðustu ár og hefur fjöldi fylgjenda aukist til muna. Í dag eru 1894 fylgjendur á Instagram samanborið við 943 á árinu 2020. Mikil vinna var lögð í Instagram á starfsárinu og það er greinilega að skila sér í auknum fylgjendafjölda. Instagram er mikilvægur miðill til að koma upplýsingum á framfæri og auka aðgengi að Samtökunum '78 enn meira en áður.

FÉLAGATAL, FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI

Félagar Samtakanna '78 þegar skrifað er eru 1331 og fjölgar því um 22 á starfsárinu sem nú er að líða. Meðalaldur félaga er 44 ára, ári eldri en í fyrra.

Almenn félagsgjöld eru 5.900 kr. Afsláttargjöldin eru eftirfarandi: 2.900 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja og nema. Einstaklingar undir átján ára greiða aðeins 1.500 kr. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda ársins 2020 hafa verið sendir út.

Almenn félagsgjöld eru 5.900 kr. Stjórn ákvað á starfsárinu að einfalda afsláttarkjörin og nú eru í raun þrjú félagsgjöld hjá Samtökunum '78. Almenna gjaldið, lægra gjald og þriðja gjald. Lægra gjaldið er 2.900 kr. og hefur ekki hækkað og við bætist að auki þriðja gjaldið sem eru einungis 500 kr. á ári. Þessi breyting mun vonandi hafa það í för með sér að fólk veigri sér ekki við því að taka þátt í félaginu vegna þess að félagsgjöld hafa ekki verið greidd. Þetta er liður í því að auka aðgengi að félaginu. Félagar sjálfir velja hvaða gjald þau vilja greiða – án útskýringar. Einfalt er að uppfæra félagsgjald, sem og aðrar upplýsingar í félagatali á vefnum okkar, undir síðunni „Gerast félagi“.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2020 námu 2.918.090 kr. Þetta er umtalsverð aukning frá árunum áður en þá var upphæðin 2.657.100 kr. 556 einstaklingar greiddu félagsgjöld fyrir árið 2020 samanborið við 481 einstaklinga árið 2019. Sjaldan hafa fleiri verið greiðandi félagar.

Félagsskírteini Samtakanna '78 hafa á undanförunum árum komið út í pappírformi. Fjöldi þeirra sem sækir félagsskírteini eru í kringum 100 og hefur fækkað mikið á milli ára. Í ár mun verða breyting á því nú verða félagsskírteini rafræn og hægt verður að sækja þau rétt eins og rafræn ökuskírteini. Samtökin hafa samið við Smart Solution sem forritar félagsskírteinin. Til að gæta allrar persónuverndar þá eru félagsskírteinin ekki persónugreinanleg, því á þeim er ekki að finna kennitölu heldur einungis félaganúmer sem urðu aftur hluti af félagatali Samtakanna '78. Nú geta félagar einfaldlega auðkennt sig með félaganúmeri. Félagsskírteinin, félaganúmerin og fleira því tengdu má nánar lesa um á vefsíðunni okkar.

ÚTGÁFA

Stærsta útgáfuverkefni ársins var án vafa nýr vefur. Mikið magn efnis var framleitt fyrir vefinn sjálfan og aðgengi að upplýsingum umblytt, ásamt því að auðvela gagnaöflun og bókanir.

Þrátt fyrir þetta stóra einstaka verkefni þá er fjöldi verkefna í gangi. Frá janúar tók Sólveig Rós við starfi verkefnastýru og áætlað er að eftirfarandi útgáfuefni komi út á starfsárinu:

Í janúar tók verkefnastýra við útgáfuverkefnum. Markmiðið er að klára eftirfarandi útgáfuverkefni á starfsárinu:

LEIÐARVÍSIR TIL FORELDRA ÞEGAR BARNIÐ ÞEIRRA KEMUR ÚT

Foreldrar eru mis-undirbúnir þegar barnið þeirra kemur út, annaðhvort með því að tilkynna foreldrum sínum að það sé t.d. samkynhneigt eða trans eða þegar grunur vaknar um hinseginleika barns á annan máta. Þessi bæklingur er hugsaður sem leiðarvísir til foreldra bæði ungra barna og unglinga með upplýsingum um hvernig er hægt að styðja barnið og hvar er hægt að leita sér að frekari upplýsingum.

UPPLÝSINGAPLAKAT FYRIR 10–12 ÁRA

Þetta plakat er hugsað til að vera t.d. uppi á vegg í skólum og félagsmiðstöðvum. Frekar en að vera útskýring á mismunandi skilgreiningum þá á þetta plakat að veita upplýsingar um að sum okkar eru að velta fyrir sér hvar á kynhneigðar- og kynvitundarrófinu þau eru og að hægt er að nálgast upplýsingar, félagsskap og stuðning.

HVERNIG ER HÆGT AÐ STOFNA FJÖLSKYLDU FYRIR HINSEGIN FÓLK

Fjölskylduform hinsegin fólks eru allskonar. Barneignir trans fólks, barneignir með frjósemistækni og gjafakynfrumum, ættleiðing, fósturfjölskyldur og stjúpfjölskyldur hafa leitt til fjölbreyttra fjölskyldna. Skortur hefur verið á heildstæðri upplýsingagjöf um þær leiðir sem í boði eru auk þess sem hafa þarf í huga við að ala upp barn í regnbogafjölskyldu og er þessi bæklingur hugsaður sem bragabót þar á.

UPPLÝSINGAR FYRIR EINSTAKLINGA Í LEIT AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND

Mikilvægt er að einstaklingar sem koma hingað til lands í leit að alþjóðlegri vernd fái aðgang að bestu mögulegu upplýsingum um stöðuna hér á landi og það kerfi sem bíður þeirra og á sem flestum tungumálum.

KYNNING Á RÁÐGJÖFINNI

Að mæta í ráðgjöf getur verið stórt skref. Mikilvægt er að lækka þröskuldinn fyrir þau sem gætu gagnast á ráðgjöfinni með því að útskýra vel fyrir hvern ráðgjöfin er, hvernig hún fer fram og hver sér um hana. Þetta verður vonandi einn daginn bæði í formi upplýsinga á vefnum okkar en einnig í myndbandsformi.

Þegar þetta er skrifað er Leiðarvísir til foreldra í yfirlestri, verið er að hanna upplýsingaplaka fyrir 10–12 ára og rannsóknarvinna er í gangi fyrir Fjölskyldumál fyrir hinsegin fólk. Verður það mikil bót á fræðslu og upplýsingaflæði til okkar skjólstæðinga og félagsfólks þegar þessir bæklingar verða tilbúnir.

AFMÆLISRITIÐ

Sönn drottning mætir aldrei snemma á svæðið og svo er raunin um Afmælisrit Samtakanna '78. Afmælisár eru kjörin tækifæri til að líta um öxl. Í ritinu er m.a fjallað um sjálfbærastörf í félaginu frá stofnun þess til dagsins í dag og öll þau ósýnilegu störf sem félagsfólk vann í gegnum tíðina, málefni trans fólks frá aldamótum til nútímans, minni og gleysku í samhengi við réttindabaráttu og söguvitund, hugtakið bleikþvott og hinsegin menningu og listir. Í ritinu má einnig lesa viðtöl við Agnesi Jónasdóttur, Ástu Kristínu Benediktsdóttur, Lönu Kolbrúnu Eddudóttir um regnbogaþráðinn, hinsegin leiðsögn um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins og viðtal við Bjarna Snæbjörnsson um einleik hans sem byggir á skápasögu hans sjálfs.

Greinahöfundar eru María Helga Guðmundsdóttir, Uglu Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, Íris Ellenberger, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Edda Sigurðardóttir, Ynda Eldborg og Bjarndís Helga Tómasdóttir.

Afmælisritinu var ritstýrt af Hafdís Erlu Hafsteinsdóttur.

ÚTGÁFA SAMTAKANNA '78 Á ÖRUGGUM STAÐ

Samtökin '78 og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hafa gert með sér samstarfssamning sem kveður á um að allt útgefið efni Samtakanna '78 er nú aðgengilegt á vefnum timarit.is.

Útgáfustarfsemi Samtakanna '78 nær aftur til ársins 1982 en þá kom fyrsta tölublað „Úr felum“ út. Einnig má finna 30 og 40 ára afmælisrit Samtakanna á timarit.is sem og aðra útgáfu sem Samtökin hafa staðið fyrir síðustu áratugi.

Það er von okkar að allt efni verði aðgengilegt með þessum hætti en nú er unnið að því að koma „Hýrauganu“ inn á vefinn. Ef þú lumar á efni sem ekki er á timarit.is, endilega hafðu samband við okkur á skrifstofa@samtokin78.is.

REGNBOGAKORT ILGA-EUROPE

Í maí 2020 gaf ILGA-Europe út árlegt regnbogakort sem sýndi að staða Íslands í Evrópsku samhengi hefur batnað töluvert á milli ára. Á þessu ári situr Ísland í 14. sæti listans og hefur færst upp um fimm sæti. Regnbogakortið skiptist í sex flokka sem varða réttindi hinsegin fólks. Árið 2020 uppfyllti Ísland 54% af lagalegum réttindum hinsegin fólks en í fyrra aðeins 47%. Staða Íslands í dag skiptist svona í eftirtöldum flokkum:

Heildarstaða Íslands í lagalegum réttindum hinsegin fólks: 54%



Jafnrétti og bann við mismunun: 38%



Réttur samkynja para í fjölskyldumálum: 83%



Hatursorðræða og hatursglæpir: 26%



Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamlegu friðhelgi: 70%



Funda-, féлага-, og tjáningarfrelsi: 100%



Málefni hinsegin hælisleitenda: 17%



Vegna laga um kynrænt sjálfræði árið 2019 hefur Ísland hækkað umtalsvert og líklega mun Ísland hækka enn meira miðað við þann kafla sem samþykktur var inn í lög um kynrænt sjálfræði í desember 2020.

Þess ber að geta að Regnbogakortið er nú aðgengilegt á íslensku á samtökin78.is.

ÁRSPING ILGA-EUROPE

Vegna COVID-19 var ársþingi ILGA-Europe frestað.

EFLING NORRÆNS SAMSTARFS

Frá ársþingi ILGA Europe 2019 hafa Samtökin '78 eftl sín tengsl og sitt samstarf við Norræn systurfélög. Reglulegir Zoom-fundir eru nú á dagskrá og ef aðstæður leyfa hefur LGBT-Danmark boðið fulltrúum Samtakanna '78 á fund í kringum World Pride. Töluverð vinna hefur verið lögð í samstarf við Norrænu ráðherranefndina en sú nefnd skilaði skýrslu í nóvember og mun skila enn ítarlegri niðurstöðum úr þróunarstarfi sínu er viðkemur stefnumótun í hinsegin málum fyrir öll Norðurlöndin.

STUÐNINGUR VIÐ HINSEGIN UNGVERSKT FÓLK

Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland fordæmdu lagabreytingu sem ungverska þingið samþykkti 19. maí 2020. Breytingin festir í lög að kynskráning geti aldrei verið önnur en sú sem kemur fram á fæðingarvottorði. Þetta mun gera það að verkum að trans og intersex fólk í Ungverjalandi mun þurfa að þola enn verri fordóma og jaðarsetningu en áður. Samtökin '78, Trans Ísland og Intersex Ísland skoruðu í kjölfarið á utanríkisráðherra

Íslands að fordæma lagasetninguna og að hann hvetti ungversk stjórnvöld til þess að tryggja trans og intersex fólki þau mannréttindi að geta verið þau sjálf í nafni laganna. Utanríkisráðuneyti Íslands hefur á liðnum árum sent skýr skilaboð um að Ísland ætli sér að vera í fremstu röð þegar kemur að réttindum hinsegin fólks, vilji leiða með fordæmi og nýta áhrifavald sitt á alþjóðavettvangi.

ALMENNT UM RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNA

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78 eða á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Undanþágur frá greiðslum eru gerðar í einhverjum tilfellum t.d. ef um flóttamenn og hælisleitendur er að ræða. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.

MARKMIÐ MEÐ RÁÐGJÖFINNI

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

TRANS TEYMI BUGL LAGT NIÐUR

Í upphafi ársins 2020 var transteymi BUGL lagt niður og þjónustan færð yfir á göngudeild. Tölvupóstur var sendur til aðstandenda þar sem kom fram að frá áramótum hafi ekki verið hægt að halda úti transteymi. Transteymið gerir börnunum t.d. kleift að komast á lyf vegna hormónastarfsemi, veitir sálfræðimeðferð og heldur utan um langt og strangt ferlið sem börnin ganga í gegnum.

Vegna þessarar ákvörðunar var mikill þungi í einstaklingsráðgjöf Samtakanna '78 sem og stuðningshópum fyrir ungt trans fólk. Þessi ákvörðun gerði það að verkum að börn og unglingar sem sóttu til okkar voru mun kvíðnari en áður, áttu mjög erfitt og sum þeirra sáu hreinlega ekki framtíð. Ráðgjafi Samtakanna '78 í málaflokknum, Sigríður Birna Valsdóttir, fann fyrir auknum þunga og ákveðnu vonleysi. Samtökin '78 settu mikinn þrýsting á heilbrigðisráðherra, landlækni, forstjóra Landspítala ásamt BUGL, áttu Samtökin '78 tugi funda með þessum aðilum.

Í frétt um málið sagði yfirlæknir BUGL meðal annars: „Við höfum bara ekki fólk sem skýrist eðal annars af því að Landspítali er orðinn lágláunsvæði. Við fáum ekki fólk og það sem er hér fer annað vegna launanna.“

Í upphafi árs 2021 fengu Samtökin '78 þær góðu fréttir að kominn væri teymisstjóri og að BUGL ætlaði sér að endurvekja þessa mikilvægu þjónustu. Munum við vinna náið með teyminu og fylgjast með málinu.

RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk

búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Ráðinn var inn nýr ráðgjafi á starfsárinu, Sigurður Ýmir, en hann er hjúkrunarfræðingur. Þetta mun efla ráðgjöf til þeirra sem leita til Samtakanna '78 vegna lýðheilsamála, kynheilsu ásamt almennri ráðgjöf til trans fólks.

Við upphaf árs 2021 lét Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir af störfum sem ráðgjafi, Aldís hefur verið einn virkasti ráðgjafinn okkar frá 2016 og sinnt fjölda einstaklingum og séð um stuðningshópa. Mikil eftirsjá er eftir svo öflugum ráðgjafa og viljum við óska Aldísi alls hins besta í framtíðinni.

Einnig hóf Ástrós Erla Benediktsdóttir, félagsráðgjafi, störf hjá Samtökunum '78. Ástrós mun efla ráðgjöfina okkar enn frekar með sinni sérþekkingu á hinsegin konum, sem og að hafa víðtæka reynslu að vinna með innflytjendum og börnum.

Við bjóðum bæði Ástrós og Sigurð innilega velkomin.

Teymið er skipað eftirfarandi einstaklingum:

Guðbjörg Ottósdóttir, *félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)*
Sigríður Birna Valsdóttir, *leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)*
Todd Kulczyk, *fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur (frá janúar 2017)*
Guðrún Häsler, *sálfræðingur (frá ágúst 2018)*
Ragnar Skúlason, *félagsráðgjafi (frá september 2018)*
Wieslaw Kaminski, *meðferðarfræðingur (frá janúar 2020)*
Helga Baldvinsdóttir og Bjargardóttir, *lögfræðingur (frá maí 2019)*
Sigurður Ýmir Sigurjónsson, *hjúkrunarfræðingur (frá ágúst 2020)*
Ástrós Erla Benediktsdóttir, *félagsráðgjafi (frá júní 2020)*






Samtökin '78 eru ákaflega stolt af ráðgjafateyminu og hlakka til að vinna með þeim áfram.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS

Umfang ráðgjafapjónustunar hefur aukist mikið á undanförunum árum. Árið 2016 fjölgaði viðmælendum upp í 181 og viðtölin voru 202. Árið 2017 var fjöldi viðmælenda 176 en viðtölum fjölgaði hins vegar í 334. Árið 2018 var fjöldi viðmælenda orðinn 211 og viðtölin 516. Árið 2019 var fjöldi viðmælenda 345 og viðtala 905. Árið 2020 var fjöldi viðmælenda orðinn 506 og fjöldi viðtala 1115. Aukningin er því 47% í fjölda viðmælenda og 23% í fjölda viðtala. Hver viðmælandi kemur að meðaltali tvisvar í ráðgjöf.

Vert er að taka fram að að tölurnar taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78, sem eru sex talsins og haldnir mánaðarlega hver. 38 stuðningshópar hittust á árinu 2020, og meðaltalsmæting í þá var um 14 einstaklingar, því má segja að 532 mætingar hafi verið í þá og Samtökin því samtals að fá 1647 heimsóknir á ári – og aldrei nokkurn tímann hafa þær verið fleiri.

Á næstu síðum ber að líta nokkrar lykiltölur úr ráðgjöfinni.



ÁSTÆÐA KOMU



Sambands- og/eða fjölskyldumál 17,1%

Samskiptaörðuleikar 25,4% | Erfiðleikar í sambandi 28,6% | Erfiðleikar í fjölskyldu 36,5% | Barneignir 9,5%



Geðræn og/eða sálræn mál 30,7%

Kvíði 54% | Þunglyndi 29,2% | Sjálfsskaði 8% | Sjálfsvígshugsanir 8,8%



Félagstengd mál 12,8%

Kynnast öðru hinsegin fólki 43,2% | Fordómar 21,6% | Mismunun 8,1% | Einelti í skóla 21,6% | Einelti á vinnustað 5,4%



Hinseginleiki 33,2%

Kynhneigð 27,3% | Kynvitund 35,5% | Kyntjáning 11,6% | Kyneinkenni 7,4% | Aðrar hneigðir 4,1% | Koma út úr skápnunum 14,0%



Fíknivandi 2,4%

Áfengi 36,4% | Vímuefni/lyf 27,3% | Klám 9,1% | Fjárhættuspil 9,1% | Tölvuleikir 18,2% | Kynlíf 0%



Kynferðismál 3,1%


Hinsegin kynlíf 72,7% | Kynsjúkdómar 18,2% | Frjósemi (t.d. þungun, þungunarrof) 9,1% | Verjur 0% | HIV/AIDS 0%




Annað 0,5%

Vændi/kynlífsvinna 100% | Mannsal 0%


HVERN HEFUR ÞÚ TALAÐ VIÐ VEGNA VANDANS?



HVERSU MIKIL ÁHRIF HEFUR VANDINN Á ÞITT DAGLEGA LÍF?



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ FYRIR EINHVERJU AF EFTIRFARANDI?



ALMENNT UM NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim t.d. tilfinningalegs vanda, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Fólki getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kyneinkenna og/eða kynvitundar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund og gera þessar breytur að aðalræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð, kyneinkennum og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsgæðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við. Síðasta árið höfum við þó tekið eftir því í auknum mæli að aðrir fagaðilar í heilbrigðisþjónustu hafa beint skjólstaðingum sínum til okkar þegar upp koma mál sem þeir telja sig ekki hafa þekkingu á. Eins hefur það aukist til muna að annað fagfólk s.s. sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar og kennarar leita til ráðgjafa Samtakanna með mál sem þau eru að sinna og þurfa aðstoð við.

STUÐNINGSHÓPAR

Sex stuðningshópar voru starfandi á starfsárinu. Hópar fyrir trans ungmenni á aldrinum 13–17 ára, fyrir trans ungmenni á aldrinum 18–25 ára og fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna. Eins voru stuðningshópar fyrir sam- og tvíkynhneigða karlmenn, hinsegin konur og fyrir trans konur. Stuðningshópur hinsegin kvenna og trans kvenna komu til á árinu 2019 en var skipt upp á árinu 2020. Nú eru tveir hópar, annar fyrir hinsegin konur og hinn fyrir trans konur. Ástæða þessa er aukin þjónusta við báða hópa, þó við vitum vissulega að ákveðin skörun sé á milli, en sú skörun er talin jákvæð.

Sigríður Birna Valsdóttir leiðir stuðningshópa trans ungmenna og aðstandenda, Todd Kulzcyk og Ragnar Skúlason leiða stuðningshóp sam- og tvíkynhneigðra karlmannna og Ástrós Erla Benediktsdóttir leiðir stuðningshóp hinsegin kvenna. Að lokum leiðir Sigríður Birna Valsdóttir stuðningshóp trans kvenna.

LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks. Í maí 2019 var Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir ráðin sem lögfræðiráðgjafi Samtakanna '78. Helga er sjálfstætt starfandi lögmaður og mannréttindaaktivisti ásamt því að sitja í stjórn KRFÍ, MRSÍ og Solaris.

Aðstoð Helgu felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnsýslunnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á.

ÞRÓUN NÚVERANDI ÞJÓNUSTU OG UTANUMHALDS

Í fyrsta sinn eru Samtökin '78 að birta ítarlegri bakgrunnsupplýsingar þeirra sem sækja ráðgjöf. Þetta gerir okkur kleift að bæta þjónustuna enn frekar. Mikill munur er á ráðgjöfum en þrír ráðgjafar tóku um 80% allra viðtala. Stjórn er nú í viðamikilli stefnumótunarvinnu og vill bregðast við þessum aukna fjölda af fagmennsku.

FRAMTÍÐ RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafapjónustunnar er að á árinu 2021 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilega og koma til móts við alla þá hópa sem þurfa á henni að halda. Ráðgjafar stefna að því að halda áfram góðu samstarfi með það að markmiði að gera ráðgjafapjónustuna enn betri og fjölbreyttari, með það í huga er frábært að geta nú boðið upp á ráðgjöf á íslensku, ensku og pólsku.

Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafapjónustu eigi enn eftir að aukast og því sé mikilvægt að halda áfram að koma til móts við ráðgjafana með það í huga. Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Það er alltaf að aukast að það er kallað eftir þessari sérþekkingu fyrir utan hina eiginlegu ráðgjöf og álagið á ráðgjöfum hefur verið mjög mikið síðasta árið. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hætta á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnin verði flóknari og erfiðari úrlausnar. Ráðgjafar hafa mikinn áhuga á því að sækja sér endurmenntun t.d. í formi ráðstefna og námskeiða erlendis og einnig er mikilvægt að efla handleiðslu á meðal ráðgjafa þar sem mál hafa þyngst og álagið aukist.

ALMENNT UM FRÆDSLUNA

Eins og undanfarin ár er fræðslustarfið einn af grundvallarþáttum í starfi Samtakanna '78. Árið 2020 var starfið í höndum Tóttla I. Sæmundsdóttur. Sólveig Rós hefur gegnt starfi fræðslustýru frá haustmánuðum 2016, en í lok árs 2019 hóf hún fæðingarorlof og við tók Tóttla I. Sæmundsdóttir. Upphaflega átti Tóttla I. Sæmundsdóttir að sinna starfinu út 2020 en hefur hún nú verin ráðin í ótímabundna stöðu.

Sú nýlunda var nú á árinu starfsárinu að allar fræðslubókanir fóru í gegnum nýjan vef Samtakanna '78 og er nú aðgengilegri og auðveldari. Þetta var mikilvægur þáttur í því að halda utan um fræðslustarfið, sem og að vera með heildstæða skráningu á reiðum höndum sem auðveldar alla gagnaúrvinnslu og kortlagningu þeirra sem hafa fengið fræðslu.

Tilgangurinn fræðslustarfsins er að ná til þeirra sem á einhvern hátt tilheyra hinsegin heiminum, kynna þeim fyrir þjónustu og félagsskap sem þeim býðst en einnig að stuðla að upplýstri umræðu og og þar með að opnara og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll sem gerir ráð fyrir hvers kyns fjölbreytileika. Í lok hvernar fræðslu hefur verið gefið rými fyrir trúnaðarsamtöl og án undantekningar hafa unglingar og börn nýtt tækifærið til að spjalla.

KYNJAÞING

Samtökin '78 tóku þátt í árlegu kynjaþingi líkt og árin áður. Að þessu sinni var viðburðurinn í beinni á Zoom og bara titillinn „Kjaftað með kennurum: Hinsegin ungmenni og kynjafræðikennsla á tímum COVID-19“. Í viðburðarlýsingu sagði meðal annars: „Hver er staða hinsegin fræða innan kynjafræðinnar? Hvaða áhrif, ef einhver, hefur fjarkennsla haft á kynjafræðakennslu á framhaldsskólastigi? Hvað getum við gert betur?“ Fundurinn var haldinn 9. nóvember og var samvinnuverkefni Samtakanna '78 og KRFÍ sem partur af árlegu Kynjaþingi. Rétt er að benda á að í samningi við Forsætisráðuneytið er gert ráð fyrir virkri þátttöku Samtakanna '78 á þinginu.

ÍSÍ – TRANS BÖRN OG ÍPRÓTTIR

Fræðslubæklingur um trans börn og íþróttir kom út á starfsárinu. Bæklingurinn er mikilvægur leiðarvísir að því hvernig íþróttahreyfingar geta tekið á móti trans börnum, sýnt þeim samþykki og viðurkenningu, rætt við aðstandendur ásamt hagnýtum upplýsingum um starfsemi íþróttafélaga, s.s. þjálfara, iðkendur og annað starfsfólk. Bæklingurinn er gefinn út af ÍSÍ en bæði Sólveig Rós og Tóttla I. Sæmundsdóttir sátu í ritstjórn fyrir hönd Samtakanna '78. ÍSÍ hefur verið í góðum samskiptum við Samtökin '78, hafa fengið fræðslur og eflt samstarf félaganna til muna á liðnu ári.

GLSEN – SKÓLAKÖNNUN

14. ágúst héldu Samtökin '78 viðburðinn Hvar bregðumst við? Líðan hinsegin barna í skólum. Ástæða málþingsins var rannsóknin „Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi“ sem byggir á GLSEN's 2015 National School Climate Survey könnuninni og var þýdd og staðfærð af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum '78. Tóttla I. Sæmundsdóttir kynnti niðurstöður, ásamt því að Rósanna Andrésdóttir, gjaldkeri Samtakanna '78, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78 og Rakel Guðmundsdóttir, kennari í Hlíðaskóla, héldu erindi. Viðburðurinn var í beinni útsendingu og fylgdust tæplega 100 manns með.

Þátttakendur fylltu út netkönnun um reynslu sína af skólagöngu veturinn 2016–2017, þar með talið reynslu af því að heyra fordæmandi athugasemdir, áreiti, finna til öryggis og líða vel í skólanum. Þau voru einnig spurð um hluti sem viðkomu náminu sjálfu, viðhorf þeirra til skóla, þátttöku og aðgengi að stuðningi innan skólans. Þátttakendur voru ungmenni sem höfðu náð að minnsta kosti 13 ára aldri, voru á unglíngastigi grunnskóla eða í framhaldsskóla á Íslandi veturinn 2016–2017 og skilgreindu sig sem lesbíur, homma, tví- eða pankynhneigð eða af einhverri kynhneigð annarri en gagnkynhneigð (t.d. hinsegin eða leitandi) eða litu á sig sem trans eða með aðra kynvitund en síis-kynja (síis-kynja er orð yfir fólk með kyngervi sem samræmist því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu). Gagnasöfnun fór fram í júlí og ágúst 2017 og var lokið í byrjun skólaársins 2017–2018.

Könnunina var hægt að nálgast í gegnum vefsíðuna Qualtrics. Hún var byggð á GLSEN's 2015 National School Climate Survey könnuninni og var þýdd og staðfærð af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum '78. Spurningalistarnir voru auglýstir í gegnum Facebook-síðu Samtakanna '78 og deilt víða í gegnum þeirra tengslanet. Lokaúrtakið samanstóð af 181 nemanda, á aldrinum 13–20 ára. Tveir þriðju hlutar þeirra bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og næstum öll (97,8%) gengu í almennan grunnskóla eða framhaldsskóla. Meðalaldur þátttakenda var 16,7 ár og tveir þriðju hlutar úrtaksins (66,3%) skilgreindu sig kvenkyns. Tveir fimmtu hlutar (40,9%) skilgreindu sig sem tvíkynhneigð, tveir sjöttu hlutar (35,4%) sem samkynhneigð, einn fjórði sem leitandi eða spyrjandi í sinni kynhneigð og einn fimmti (21,5%) sem pankynhneigð.

Nánar um könnunina, niðurstöður og kynningin er aðgengileg á samtokin78.is/skolakonnun

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Eins og kemur fram undir öðrum kafla hér í þessari ársskýrslu þá eru fjórir fræðslusamningar í gildi. Við Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Grindavíkurbæ og Forsætisráðuneytið. Viðræður eru hafnar við Snæfellsbæ og Akureyrarbæ, sem og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Bundin er von um að kynna þessa fræðslusamninga á starfsárinu.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Á árinu 2020 hélt fræðslustýra 126 erindi. Þar af voru flest í grunnskólum eða félagsmiðstöðvum í Reykjavík, alls 53 fræðslur. Þrjár fræðslur voru haldnar í Hafnafirði samkvæmt þjónustusamningi. 70 fræðslur voru haldnar þess fyrir utan.

Þess ber að geta að 55 bókaðar fræðslur var aflýst vegna COVID-19.

Sigríður Birna, ráðgjafi Samtakanna, hélt 7 fræðslur fyrir hönd Samtakanna og talaði við skóla, heilbrigðisstarfsfólk og félagsþjónustuna.

Gert er ráð fyrir að um það bil 5320 einstaklingar hafi hlotið fræðslu frá Samtökunum '78 á árinu, sem má teljast ansi gott á COVID-ári en hóparnir voru stærri í ár en árið á undan þar sem fjöldi fyrirlestra fór fram í gegnum fjarfundarbúnað.

FRAMTÍÐ FRÆDSLUNNAR

Eftirspurn eftir fræðslu hefur aukist mikið á undanförunum vikum eftir að slakað var á fjöldatakmörkunum og fræðslustýru aftur heimilt að halda fræðslur í skólum. Næstu vikur og mánuðir eru þétt bókaðir.

Mikil þörf er á aðgengilegu fræðsluefni en á starfsárinu höfum við tekið til hendinni, uppfært vefinn þar sem fræðslunni er gerð enn betur skil. Einnig erum við áfram að bæta inn á og laga til síðuna „Spurt og svarað“ sem er á nýja vefnum. Á næstu vikum munum við bæta við undirflokkum á þá síðu þar sem við svörum spurningum sem nemendur spyrja í fræðslunum eða skrifa þær á endurgjafsblöð. Með þessu móti er efnið okkar aðgengilegra og þau sem vilja spyrja og fá svör án þess að gefa upp nafn eða spurningu geta einfaldlega flett spurningunni sinni upp á vefnum og lesið svarið.

Með tilkomu nýs stöðugildis kynningarstjóra leggjum við mikla áherslu á að fræðslan verði enn sýnilegri en áður. Á teikniborðinu eru stutt fræðslumyndbönd sem og stutt innslög frá starfsfólki, notendum fræðslunnar og þess háttar.

Enn eru hópar, stofnanir og fagaðilar að óska eftir fræðslum og má þar nefna sálfræðinga, lækna, félagsráðgjafa, kirkjuna, námsráðgjafar og fleiri. Algengt er að óskað er eftir aðkomu fræðslustarfs Samtakanna '78 þegar kemur að vinnu með börnum og unglingum þar sem fullorðnir einstaklingar vilja fræðast til að ná betur til þeirra einstaklinga sem og að bjóða fram aðstoð.

Nokkur þörf er á hærra starfshlutfalli í fræðslumálum. Með tilkomu nýrra samninga við sveitarfélög þá gefst mögulega svigrúm til að ráða inn starfsmann eða verktaka til að sinna hluta fræðsla ásamt fræðslustýru. Þau mál eru á byrjunarstigi og vitaskuld krefjast frekari útreikninga miðað við fjárhagsáætlun ársins.

ÞJÓNUSTA FYRIR UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND

Líkt og undanfarin ár þjónusta Samtökin '78 hóp hinsegin fólks er leitar að alþjóðlegri vernd. Á hverjum tíma eru um átta til tíu einstaklingar í þjónustu. Þessi þjónusta hefur þróast mikið í takt við umfang hvers máls og Samtökin '78 hefur byggt upp einstaka reynslu þegar kemur að málaflökknum. Þjónusta Samtakanna '78 er þríþætt; fyrst ber að nefna ráðgjöf vegna áfalla sem tengjast hinseginleika, t.d. ofbeldi eða ofsóknir vegna þess. Í öðru lagi aðstoðum við hinsegin fólk í leit að alþjóðlegri vernd þegar kemur að máli þeirra gagnvart íslenska ríkinu, t.d. samskipti við lögmenn, Útlendingastofnun og fleira því tengdu. Að lokum veitum við fólkinu félagslegt bakland, sem þau þurfa nauðsynlega á að halda.

Vert er að nefna að Samtökin '78 fá enga greiðslu fyrir það að veita þessum málaflökki athygli og aðstoða þá einstaklinga sem sárlega þurfa á hjálp að halda. Hið opinbera áttar sig ekki á hlutverki okkar og gjarnan tala um að Samtökin '78 eigi hvort eð er ekki að beita sér í málaflökknum. Þessu eru Samtökin '78 harðlega ósammála.

Hinsegin samfélagið er einstakt. Þegar hinsegin einstaklingur leitar til okkar þá munum við aðstoða, alveg sama hvað ber undir. Við neitum ekki hinsegin systkinum okkar sem eru í vanda, það einfaldlega kemur ekki til greina. Samtökin '78 er ekki ríkisstofnun heldur hjálpar þar sem neyðin er mest, og ef fólk treystir okkur (og aðeins okkur) þá munum við vera til staðar.

FLÓTTAFÓLK FRÁ KENÝA – EFTIRFYLGNI

Samtökin '78 voru í móttökuhópi þeirra kvótaflóttamanna sem komu til landsins árið 2019. Enn eru einstaklingar sem leita til Samtakanna '78 úr þeim hópi og við fögnum því.

HIV OG PREP

Árið 2018 var forvarnarlyf gegn HIV, PrEP, gert aðgengilegt á Íslandi. Í kjölfarið hafa Samtökin '78 staðið fyrir reglulegri fræðslu í samstarfi við Landspítalann um notagildi þess, enda um mikilvægt forvarnarlyf fyrir menn sem sofa hjá mönnum (MSM) að ræða. Í janúar 2020 var haldin ein slík fræðsla í húsnæði Samtakanna '78 þar sem farið var ítarlega í hvað PrEP er, hvernig lyfið virkar sem forvörn sem HIV og hvaða hópar hafa leyfi til að notast við þau í samræmi við lækni.

OFBELDI OG ÁREITNI

Það er Samtökunum '78 mikilvægt að vera til staðar fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi eða áreiti. Hægt er að tilkynna slíkt til Samtakanna '78 í gegnum vefinn okkar. Við mælum með því að fólk leiti sér ráðgjafar í slíkum tilvikum þrátt fyrir að langt hafi liðið frá viðburði. Samtökin '78 halda svo utan um tilkynningarnar í þeim tilgangi að hafa gögn á reiðum höndum því við vitum að hinsegin fólki reynist torvelt að tilkynna slík ofbeldisverk til lögreglu.


BLÓÐGJAFIR MSM

Samtökin '78 efldu til könnunar til að bregðast við breytingum á reglum er varðar blóðgjöf karlmannna sem sofa hjá öðrum karlmönnum. Hugmyndir hafa verið upp um að veita þessum hópi leyfi til blóðgjafar að undangengnu 12 mánaða skírlífistímabili. Samtökin '78 vildu kanna hug samfélagsins og niðurstöðurnar eru afgerandi:




Hefur þú gefið blóð?

- Já 32,4%
- Nei 67,6%



Langar þig til að gefa blóð?

- Já 83,3%
- Nei 12,3%
- Vil ekki svara 4,3%



Hvernig líður þér með að geta ekki gefið blóð?

- Mjög illa 23%
- Illt 44%
- Alveg sama 26%
- Vel 2%
- Mjög vel 5%



Hversu líklegt er að þú gæfir blóð ef þú mættir það?

- **Mjög líklegt** 57,3%
- **Líklegt** 22,9%
- **Hvorki né** 11,5%
- **Ólíklegt** 4,2%
- **Mjög ólíklegt** 4,2%




Hvernig finnst þér viðmót starfsfólks blóðbankans til hinsegin fólks?

- **Mjög gott** 2,9%
- **Gott** 8,8%
- **Hvorki né** 11,8%
- **Slæmt** 5,1%
- **Mjög slæmt** 3,7%
- **Veit ekki** 58,1%
- **Á ekki við** 9,6%




Ráðgjafanefnd um fagleg málefni blóðbankaþjónustu vill rýmka núgildandi reglur og leyfa karlmönnum sem sofa hjá karlmönnum að gefa blóð eftir árs skírlífi. Hvað finnst þér um þetta ákvæði?

- **Mjög gott** 15,2%
- **Gott** 9,8%
- **Hvorki né** 18,2%
- **Slæmt** 22,7%
- **Mjög slæmt** 34,1%



Kyn

- **Karl** 61,5%
- **Kona** 29,6%
- **Kynsegin** 8,1%
- **Vil ekki svara** 0,7%



Hefur þú stundað kynlíf með karlmanni?

- **Já, einu sinni** 4,4%
- **Já, nokkrum sinnum** 19,3%
- **Já, reglulega** 68,9%
- **Nei** 6,7%
- **Vil ekki svara** 0,7%



Ertu í föstu sambandi?

- **Já** 63%
- **Nei** 34,8%
- **Vil ekki svara** 2,2%

Niðurstöðurnar munu Samtökin '78 draga saman í skýrslu sem send verður til stofnana og ráðamanna málaflöksins.

ÁHRIF COVID Á MENNINGAR- OG VIÐBURÐASTARFSEMI

Það kemur vafalaust engum á óvart að menningar- og viðburðastarfsemi hefur beðið mestu hnekki vegna samkomutakmarkana vegna COVID-19. Þrátt fyrir takmarkanir hafa Samtökin '78 þó boðið upp á fjölbreytt starf, en það þá í gegnum bein streymi og á netinu.

Ber þar helst að nefna upplestra í beinu streymi en fengnir voru höfundar til að lesa úr bókum sínum, þar á meðal Einar Þór Jónsson, Gunnhildur Arna Gunnarsdóttur, Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristinsdóttir. Einnig var fjölbreytta fólk hinsegin samfélagsins duglegt við að taka yfir Instagram reikning Samtakanna '78 sem og tónlistarfólk að koma fram í gegnum streymi.

STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Rétt eins og almennt með viðburða- og menningarstarfsemi þá var starfsemi í Regnbogasal mun minni en áður vegna COVID-19. Þrátt fyrir að stærri viðburðir voru af skornum skammti vegna samkomutakmarkana þá nýttist Regnbogasalurinn vel þegar kom að smærri fundum, enda gott rými á milli einstaklinga, þar sem starfsfólk gat fundað. Einnig nýttist rýmið sem auka-ráðgjafaherbergi á tíma þegar aðsókn í ráðgjöf var mikil.

HINUNG

HinUng hófu aftur að hittast en HinUng er ætlað ungu fólki á aldrinum 18–25 ára. Ráðgjert var að hittast á tveggja vikna fresti en vegna samkomutakmarkana varð lítið úr því. Þrátt fyrir það þá eru HinUng aftur komin af stað og því ber innilega að fagna.

HINSEGIN KAUPFÉLAGIÐ

Samtökin '78 ásamt Hinsegin dögum í Reykjavík hófu rekstur vefverslunarinnar Hinseginkaupfelagid.is. Það er von félaganna tveggja að vefverslunin verði öflug viðbót við fjáraflanir félaganna. Eins og staðan er í dag, lok febrúar, þá er vefsíðan að fá andlitslyftingu og hefur André Visage tekið að sér hönnun útlits. Félögin hlakka mikið til að opna vefverslunina á öðrum ársfjórðungi ársins 2021.

A QUEER UTOPIA? THE DISSONANCE B/W LEGAL RIGHTS AND SOCIETAL ACCEPTANCE IN ICELAND

Á starfsárinu var haldið metnaðarfullt málþing um réttindamál hinsegin fólks á Íslandi.

Málþingið var liður í fundarröð Norrænu ráðherranefndarinnar en hvert Norðurland hélt málþing svipað þessu. Voru þau vel sótt og fjöldi fólks fylgdist með í streymi.

Markmið málþingsins var að varpa ljósi á hindranir og áskoranir sem tengjast réttindum hinsegin fólks á Íslandi. Á fundinum komu meðal annars Katrín Oddsdóttir, Felix Bergsson og Angel Buns P'ojara.

TRANS JESÚ

Nú auglýsing Þjóðkirkjunnar um Sunnudagaskólann þar sem sjá má stóran og mikinn regnboga og skeggjaðan Jesú með brjóst vakti töluverða athygli. Pétur Markan, samskiptastjóri Þjóðkirkjunnar, segir Þjóðkirkjuna hafa fengið ótrúlega góð viðbrögð – frá fólki sem þykir mjög vænt um þetta og sé sjálft að kalla eftir samfélagi sem umfaðmar alla. Þrátt fyrir góðar meiningar þá varð umræðan til þess að hatursfullar og ógeðfelldar athugasemdir voru láttnar falla um trans fólk. Samtökin '78 áttu fund með biskup Íslands vegna málsins.

SIGMUNDUR DAVÍÐ OG MIÐFLOKKURINN RÆÐST AÐ INTERSEX FÓLKI

Í umræðum á Alþingi um kynrænt sjálfræði, nánar tiltekið um kafla um intersex börn, lét formaður Miðflokksins, sem og aðrir þingmenn flokksins, ekki sitt eftir liggja. Sigmundur Davíð hélt sig við ákveðna rökleysu þess efnis að með þessu væri börnum meinuð nauðsynleg lækniástoð. Þingmenn allra annarra flokka en Miðflokksins svörðu Sigmundi Davíð og reyndu ítrekað að leiðrétta þennan leiða misskilning hans en höfðu ekki erindi sem erfiði. Þrátt fyrir þessar mótþáttur var frumvarpið samþykkt með miklum meirihluta allra flokka nema Miðflokksins. Það má segja að Miðflokkurinn hafi skipað sér ákveðinn sess í íslenskri pólitík vegna þessa með því að vera eini andstæðingur framþróunar í hinsegin málum.

ÁSKORUN VEGNA BUGL

Líkt og kemur fram í ársskýrslunni þá voru mikil vandræði inni á BUGL eftir að trans teymi þeirra var lagt niður um áramótin 2019–2020. Samtökin '78 ásamt Trans Ísland og Trans vinum hófu undirskriftarsöfnun þar sem fólk var hvatt til að skora á stjórnvöld að sinna BUGL á þá vegu að þau geti sinnt skjólstæðingum sínum sem eru trans. 25. febrúar afhentu svo Trans Vinir, Trans Ísland og Samtökin '78 afhentu áðan heilbrigðisráðherra, forstjóra Landsspítalans og landlækni undirskriftalista vegna trans teymisins á BUGL, barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans.

MANI Á HEIMA HÉR

Vísa átti íranskri fjölskyldu úr landi á 10. febrúar 2020, en þau flúðu ofsóknir í heimalandi sínu. Sonur hjónanna, Mani, er trans strákur sem hefur fest hér rætur. Óttast þau mjög öryggi sitt fari þau aftur til Íran þar sem þeim hefur verið hótad hrottafengnu ofbeldi. Fjölskyldan kom til Íslands í mars 2019. Fjölskyldufaðirinn hafði kennt japanska heilun í Íran sem nefnist Reiki. Írönsk yfirvöld litu á það sem guðlast og að hann ynni gegn ráðandi stjórnvöld. Samtökin '78 þrýstu mikið á stjórnvöld að veita fjölskyldunni þá vernd sem þau áttu skilið hér á Íslandi.

KYNHLUTLAUS KYNSKRÁNING HÓFST HJÁ ÞJÓÐSKRÁ

Frá og með 6. janúar 2021 verður hægt að óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá. Í samvinnu við Samtökin '78 var ákveðið að einstaklingar sem óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá verða skráðir „Kynsegin/annað“. Þetta heiti er talið ná sem mestri sátt innan hinsegin samfélagsins og að flestir einstaklingar geti samsvarað sig því.

Allir íslenskir ríkisborgarar og einstaklingar með skráð lögheimili á Íslandi geta óskað eftir breyttri skráningu á kyni sínu. Samhliða breyttri skráningu á kyni, á einstaklingur

rétt á að breyta nafni sínu. Börn, yngri en 15 ára, geta með stuðningi forsjáraðila sinna, óskað eftir breyttri skráningu á kyni og breyttu nafni. Ef börn, yngri en 15 ára, njóta ekki stuðnings forsjáraðila sinna, annars eða beggja, geta þau óskað eftir því að sérfræðinefnd taki mál þeirra fyrir.

LANDLÆKNIR SENDIR FRÁ SÉR YFIRLÝSINGU

Alma Möller, landlæknir, sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar greinaskrifa sálfræðings sem tjáði skoðanir sínar gjarnan á Vísi.

Í tilkynningunni frá Landlækni kemur fram að mikilvægt sé að heilbrigðisstarfsmenn komi fram af fagmennsku, virðingu og á grundvelli bestu þekkingar hverju sinni og „forðist það að valda eða gera lítið úr angist, þjáningu og stöðu þeirra sem sárlega þurfa viðurkenningu og á stuðningi að halda.“

„Þó svo að vafalaust megi enn gera betur í heilbrigðisþjónustu fyrir hinsegin og kynsegin fólk þá ber að fagna þeim miklu framförum sem orðið hafa í aðgengi þessa hóps að slíkri þjónustu. Landlæknir fagnar fjölbreytileikanum og sendir kveðju sína til hinsegin fólks.“

KIRKJAN BIÐUR HINSEGIN SAMFÉLAGIÐ AFSÖKUNAR, EIN SAGA – EITT SKREF

Þjóðkirkjan mun biðja hinsegin samfélagið afsökunar á misrétti og fordómum sem samfélagið hefur þurft að þola af hálfu kirkjunnar í gegnum árin.

„Í dag (8. ágúst 2020) erum við að kynna samstarfsverkefni kirkjunnar og Samtakanna '78. Verkefnið er í raun og veru afsökunarbeiðni kirkjunnar til hinsegin samfélagsins sem hefur þurft að þola misrétti og fordóma í sögu kirkjunnar,“ sagði Pétur G. Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu.

Verkefnið fer þannig fram að persónulegum reynslusögum af fordómum og andstöðu Þjóðkirkjunnar við réttindum hinsegin fólks í gegnum árin verður safnað saman og sögurnar gerðar svo opinberar.

TRANS STRÆTÓ

Strætó hannaði strætisvagn tileinkaðan trans fólki á Íslandi og réttindabaráttu þeirra í tilefni Hinsegin daga 2020. Formaður Trans Íslands segir sýnileika trans fólks og hinsegin fólks vera mikilvægan í baráttunni. Trans strætóinn keyrði reglulega um götur borgarinnar og vakti mikla athygli.

ALMENNT UM RÉTTINDABARÁTTUNA Á ÍSLANDI

Þótt íslenskt samfélag sé komið langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er enn töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staða sé bærileg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggir ekki endilega að fólki sé ekki mismunað. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra.

UMSAGNIR UM FRUMVÖRP, REGLUGERÐIR OG TILLÖGUR

Samtökin '78 skrifuðu umsagnir um eftirfarandi þingskjöl á starfsárinu. Umsagnirnar voru bæði unnar sjálfstætt og með eða í samráði við önnur félög. Einnig fundaði fulltrúi Samtakanna '78 með fastanefndum Alþingis í kjölfar umsagna sinna. Athugið að unnið er að gerð sérstakrar síðu á vef Samtakanna '78 þar sem öllum umsögnum Samtakanna '78 frá upphafi eru gerð góð skil.

- Fæðingar- og foreldraorlof
- Barnalög
- Fjárlög 2021
- Kynrænt sjálfræði
- Breyting á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði
- Mannanöfn
- Jöfn staða og jafn réttur kynjanna
- Kynrænt sjálfræði
- Þingsköp Alþingis
- Hjúskaparlög
- Almenn hegningarlög

KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

Frumvarp um kynrænt sjálfræði hefur loksins orðið að lögum eftir að kafla um intersex börn bættist við í desember 2020. Fulltrúar Samtakanna '78 og Intersex Íslands unnu í nefnd um málið og náðu að lokum að fallast á málamiðlun. Sú málamiðlun er þannig háttað að allar aðgerðir nema hypospadias aðgerðir og aðgerðir vegna micropenis.

En eins og segir í lögnum: Börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni njóta réttar til líkamlegrar friðhelgi í tengslum við kyneinkenni sín og eiga rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita. Við framkvæmd laganna skal gætt að sjálfsákvörðunarrétti þeirra um persónuleg málefni.

En einnig segir: Í þeim tilvikum þegar barn er ófært um að veita upplýst samþykki sökum ungs aldurs eða er af öðrum sökum ófært um að gefa til kynna vilja sinn skal, þrátt fyrir 2. mgr., eftirfarandi gilda um varanlegar breytingar á kyneinkennum barns yngra en

16 ára sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni ef þær felast í skurðaðgerð vegna of stuttrar þvagrásar (reðurhúfuneðanrásar) eða lyfjameðferð vegna vanvaxtar á typpi:

1. Um mat á nauðsyn aðgerðar eða lyfjameðferðar gilda almennar reglur, svo sem lög um réttindi sjúklinga, með þeim frávikum sem leiðir af þessari málsgrein.
2. Téðar varanlegar breytingar á kyneinkennum skal ekki gera nema að undangengnu ítarlegu mati á ávinningi og afleiðingum þeirra til skemmri og lengri tíma, þ.m.t. afleiðingum þess að framkvæma ekki aðgerð eða lyfjameðferð eða fresta henni þar til barn getur tjáð vilja sinn, sbr. 6. mgr.

Því er ekki um fullnaðarsigur að ræða en þó lagaákvæði sem er tímabundið hægt að fallast á. Þá var samþykkt bráðabirgðaákvæði að innan þriggja ára frá gildistöku 11. gr. a skipar ráðherra starfshóp til að endurskoða ákvæðið með hliðsjón af fenginni reynslu og þróun rannsókna og þekkingar og bestu framkvæmd á sviði mannréttinda. Einkum ber hópnum að leggja mat á 5. mgr. 11. gr. a, þ.m.t. hvort rétt sé að fella ákvæðið brott. Skal starfshópurinn skila tillögum til ráðherra svo fljótt sem verða má eftir að hann tekur til starfa.

GRUNNUPPLÝSINGAR FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Starfsfólk

Hrefna Þórarinsdóttir forstöðukona 75%
Vigfús Karl Steinsson frístundaleiðbeinandi
Agnes Ársælsdóttir frístundaleiðbeinandi með stuðning

Sjálfbóðaliðar

Dalvin Smári Imsland
Davíð Sól Pálsson
Elías Breki Sigurbjörnsson
Hans Alexander Margrétarson Hansen
Hrefna Ósk Mariúdóttir
Jóna Rán Pétursdóttir
Luca Moi Forte
Oktavía Hrund Jónsdóttir
Sand Zhark
Sandra Lilja Björnsdóttir
Sigurður Starr Guðjónsson
Sævar Torfason
Vilma Þórarinsdóttir
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Þjónustutíminn og fastir fundir með skóla/teymi

Þriðjudagar 19:30–22:00
Fastir fundir með deildarstjóra og framkvæmdarstjóra/stjórn S78 vikulega frá
15:00–16:00

UMBÓTAADGERÐIR

SÉRTÆKT HÓPASTARF Í HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐINI

Markmið	Að bjóða upp á einhverskonar sértækt hópastarf á haustönn og vorönn
Lýsing	Með sértæku hópastarfi er hægt að bregðast við ýmsum áskorunum og vandamálum sem koma upp í starfi og hefur Hinsegin félagsmiðstöðin hingað til ekki haft tök á að bjóða upp á slíka viðbót við starfið. Haustið 2020 mun starf forstöðumanns aukast og því meiri tækifæri á að bjóða upp á slíkt starf.
Dagsetning	Allt starfsárið 2020–2021
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður, starfsmenn, sjálfbóðaliðar
Matsaðferð	Ef tókst að bjóða upp á sértækt hópastarf að hausti og vori telst markmiðinu náð.

Í tengslum við verkefnið Öll sem eitt sem styrkt var af Menntastefnusjóði Skóla og frístundasviðs var ákveðið að leggja áherslu á sértækt hópastarf fyrir 10–12 ára aldurshópinn. Undirbúningur hófst í upphafi annar. Sendur var póstur á alla

deildarstjóra, forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva og á alla skólustjóra grunnskólanna í Reykjavík og óskað eftir því að þeir kæmu póstinum áfram til viðeigandi aðila. Einnig var haft samband við ráðgjafa Samtakanna '78 sem starfa mikið með börnum á þessum aldri til að koma upplýsingum um hópastarfið á framfæri. Fjöldi umsókna var alls 12 og áætlað var að hefja hópastarfið í lok október en vegna COVID-19 faraldursins var ekki möguleiki á að hefja hópastarfið á þeim tíma. Um leið og höftum í skólastarfi verður aflétt mun hópastarfið hefjast en þegar skýrsla þessi er skrifuð er áætlun um nýjar reglur á takmörkunum á skóla- og frístundastarfi í janúar 2021.

Á vorönn 2021 er einnig von um að hefja hópastarf fyrir 13–16 ára aldurshópin og eru margar útfærslur í kortunum, meðal annars hópastarf með áherslu á trans börn.

10–12 ÁRA STARF HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR

Markmið	Að bjóða upp á hinseginvænt frístundastarf fyrir 10–12 ára aldurshópin og fræðslu til foreldra þeirra
Lýsing	Mánaðarlegar opnanir fyrir aldurshópin.
Dagsetning	Allt starfsárið
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður
Matsaðferð	Ef náðist að bjóða upp á amk 5 opnanir eða viðburði fyrir aldurshópin telst markmiðinu náð.

Sjá skýringu að ofan.

ÖRUGGT RÝMI Í HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐINN

Markmið	Að stuðla að öruggara rými fyrir þátttakendur í starfinu með tilliti til staðsetningar og aðbúnaðar
Lýsing	Samtal við notendur og aðra fagaðila um öruggt rými í félagsmiðstöðvastarfi.
Dagsetning	Allt starfsárið
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður
Matsaðferð	Ef náðist að eiga samtal við notendur og fagaðila telst markmiðinu náð.

Í upphafi starfsársins var haldinn fundur með sjálfbóðaliðum og rætt um öruggt rými ásamt öðru. Ýmiskonar hugmyndir komu fram sem voru settar í framkvæmd, meðal annars aukinn sýnileiki á Hinsegin fánum, merkingar á salernum félagsmiðstöðvarinnar eru í ferli, rætt um öruggt rými í nafnaring og á samfélagsmiðlum félagsmiðstöðvarinnar ofl.

FAGSTARFIÐ

FORELDRASAMSTARF

Haldinn var rafrænn foreldrafundur a Teams miðvikudaginn 21.október 2020. Alls voru 10 foreldrar sem sóttu fundinn og var svo glærukyning fundarins gefin út í foreldragrúbbu á Facebook.

SÉRTÆKT HÓPASTARF EÐA SÉRTÆK NÁLGUN

Hvaða sértæka nálgun	Fjarspjall Hinsegin félagsmiðstöðvar
Af hverju	Til að mæta þörfum á ráðgjöf og spjalli við þátttakendur meðan á lokun vegna takmarkana stendur.
Staðan/hvernig gekk	Mikil aðsókn í fjarspjall sem gekk vonum framár.

ALLSKONAR MERKILEGT; FRAMÞRÓUN VERKEFNA EÐA VERKLAGS:
UPPLÝSINGASTREYMI OG MARKAÐSSTARF./LÝÐRÆÐISSTARF/HÚSNÆÐISMÁL/
SAMSTARF EÐA SAMRÁÐ/ O.FL.

Þann 6 október 2020 þurfti starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar að færast yfir á rafrænt form vegna takmarkana á frístundastarfi vegna COVID-19 faraldursins. Vel hafði reynst að nota miðilinn Discord hjá öðrum félagsmiðstöðvum og því var ákveðið að nýta þann miðil. Discord hefur reynst okkur gríðarlega vel bæði á opnunum, fyrir funda starfsmanna og í fjarspjalli við þátttakendur.

Hinsegin vikan var haldin með rafrænum hætti í ár á öllum starfsstöðum með fræðslu á samfélagsmiðlum en einnig voru minni opnanir í félagsmiðstöðvum þar sem var fönndrað, horft á hinsegin sjónvarpsefni, skellt í hinsegin trú nó og spjall. Einnig bættist við fræðsla og spjall í 10–12 ára starfinu á öllum starfsstöðvum og þótti takast vel til.

Forstöðumanni bauðst að sitja í starfshóp um Kynja- og hinseginfræðslu í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum á vegum Skóla- og frístundasviðs. Ætlun hópsins er að kortleggja hver staðan er á slíkri fræðslu á þessum stöðum og viðhorfi starfsmanna ásamt því að leita leiða til umbóta.

Í rafræna starfinu kom upp umræða í lok nóvember hvort það væri ekki hægt að gera eitthvað öðruvísi og skemmtilegt í desember. Margir þyrftu á gleði og peppi að halda eftir langt og strangt tímabil í skóla, í sóttvarnarhólfum af ýmsu tagi og vegna stöðunnar í samfélaginu í heild sinni vegna COVID-19 faraldursins. Hugmyndavinna fór af stað með krökkunum á opnun og úr varð leikur sem fékk nafnið Jólapeppleikur Hinsegin félagsmiðstöðvar. Í samvinnu við S78 voru keyptir alls 20 glaðningar sem dreifðust á alls 4 opnanir. Þátttakendur skráðu sig til leiks í gegnum Google Forms og dregirnir voru út 5 einstaklingar fyrir hverja opnun. Tveir einstaklingar, sjálfboðaliði og starfsmaður sáu svo um að koma vinningunum til þeirra sem voru dregnir út, á meðan á opnun stóð.

Alls voru 73 einstaklingar sem tóku þátt í leiknum og var mikil ánægja með framtakið.

UMBÓTAADGERÐIR

TRANS UNGMENNI, HÓPASTARF

Markmið	Að auka þjónustu við ört fjölgandi hóp trans ungmenna í starfinu
Lýsing	Einn mánaðarlegur hittingur þar sem boðið er upp á sjálfsefandi verkefni og umræður í samstarfi við ráðgjafa S78, sjálfboðaliða Hinsegin félagsmiðstöðvar og forstöðumann.

Dagsetning	Frá febrúar–maí 2021, alls 4 skipti.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður
Matsaðferð	Könnun meðal þátttakenda

SKÁPURINN, FATASKIPTAVERKEFNI

Markmið	Að auka aðgengi að kyngreinanlegum og ókyngreinanlegum fatnað og stoðfatnaði i til ungmenna sem sækja starfið.
Lýsing	Aðra hvora opnun er boðið upp á að skoða fataúrval og stoðfataúrval skápsins. Fötin eru þátttakendum að kostnaðarlausu.
Dagsetning	Allt starfsárið
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður og Elías Breki Sigurbjörnsson sjálfboðaliði
Matsaðferð	Ef góð aðsókn er í þjónustuna telst markmiði náð

ÞÁTTTAKA

Félagsmiðstöðin heldur utan um nákvæma þátttöku í starfinu og greinir þær upplýsingar til að geta aðlagð starfsemi sína í þágu barna og unglunga. Á haustönn 2020 voru opnanir eftirfarandi:

ALMENNAR OPNANIR

DAGSETNING	DAGSKRÁ	STARFSMENN	ÞÁTTTAKA
25. ágúst	Fyrsta opnun	8	122
1. september	Karaoke	8	111
8. september	Speed friending	8	104
15. september	Sjúk ást og trú nó	9	97
22. september	Íslabb og rabb	9	94
29. september	Söngleikjakvöld	9	118

STAFRÆNAR OPNANIR

DAGSETNING	DAGSKRÁ	STARFSMENN	ÞÁTTTAKA
6. október	Discord (among us, jackbox og spjall)	8	35
13. október	Discord (among us, jackbox, D&D hópur og spjall)	9	45
20. október	Discord (among us, jackbox og spjall)	4	41
27. október	Halloween þema, discord, jackbox og horft á Nightmare Before Christmas	6	40
3. nóvember	Trúnó, jackbox og spjall	5	35
10. nóvember	Spilakvöld	5	29
17. nóvember	Discord og D&D	5	32
24. nóvember	Spjall og D&D	6	27
1. desember	Jólapeppleikur og jólatónlistarspjall	5	26
8. desember	Jólapeppleikur og spil og spjall	5	24
15. desember	Jólapeppleikur og spil og spjall	5	22
22. desember	Jólapeppleikur og jólakósý	4	27
28. desember	Áramótaopnun	5	23

UMFJÖLLUN UM ÞÁTTTÖKU

Við upphaf annar var augljóst að áhugi á starfi félagsmiðstöðvarinnar hafði aukist til muna frá fyrra starfsári. Fyrsta opnun ársins var á pari við stærstu opnun síðasta starfsárs og gríðarleg aukning á þátttakendum á grunnskólaaldri. Þær 6 opnanir sem voru fyrir lokun vegna COVID-19 takmarkana var meðalmætingin 107,6 einstaklingar per opnun sem verður að teljast ansi gott. Forstöðumaður var hæst ánægður með mætinguna og þótti ljóst að ákvörðun um að auka við fjölda sjálfboðaliða á hverri opnun var hárrétt en gengið er út frá því að það sé að lágmarki 6 starfsmenn í húsi hverju sinni.

Þann 6 október 2020 þurftum við að færa starfið alfarið yfir á rafrænt form vegna takmarkana af völdum COVID-19 faraldursgáins og voru allar opnanir frá þeim degi á rafrænu formi til ársloka 2020. Meðalmæting á rafrænar opnanir var 31,2 einstaklingur per opnun. Nokkuð ljóst þykir að þátttakan í venjulegu starfi félagsmiðstöðvarinnar er heldur meiri og væri áhugavert að kanna hvað veldur.

Ætla mætti að mörgum þyki óhugsandi að sækja rafræna starfið meðan öðrum þykir það jafnvel ákjósanlegra. Forstöðumaður er sáttur við þátttöku í rafræna starfinu þó auðvitað vildi hann ná til breiðari hóps.

FRAMTÍÐARSÝN OG AÐGERÐIR

HNOTSKURN

Eins og gefur að skilja hefur starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar litast töluvert af COVID-19 faraldrinum. Í upphafi annar gátum við boðið upp á ótakmarkað starf og fór haustið virkilega vel af stað og stefndi í metfjölda þátttakenda á haustönn 2020. Mæting jókst til muna frá vormánuðum og er ansi ljóst að þekking fagaðila á starfinu hefur aukist til muna en forstöðumaður greindi mikla samstöðu frá námsráðgjöfum, skólustjórum, starfsfólki félagsmiðstöðva og öðrum fagaðilum sem starfa með börnum og unglingum og var mörgum „vísað“ í starfið af þessu góða fólki. Þegar að faraldurinn fór aftur á flug í október 2020 færðum við allt starf yfir á rafrænt form og ákváðum að prófa miðilinn Discord í þetta sinn en á vormánuðum notuðum við einungis Instagram og Facebook til að halda uppi starfi fyrir þátttakendur. Mikið þúður var lagt í að auglýsa opnanir og senda skilaboð á notendur til að fá þá inn í rafræna starfið og þótti forstöðumanni það ganga ágætlega. Auðvitað var þetta viss áskorun bæði fyrir starfsfólk og ekki síður notendur að færa svo náið starf yfir í rafrænt form en með tíð og tíma slípaðist hópurnir til og er starfið nú með nokkuð föstu móti öll þriðjudagskvöld. Spil, litlir viðburðir og spjöll eru helstu dagskrárliðir á opnunum ásamt Jólapeppleik Hinsegin félagsmiðstöðvar í desember. Mikill fjöldi einkaskilaboða á miðlinum Instagram tók að berast og ákvað forstöðumaður í samráði við deildarstjóra og framkvæmdarstjóra S78 að bregða á það ráð að bjóða upp á einka fjarspjöll þar sem notendur gátu bókað tíma í spjall og ráðgjöf á þeim miðli sem þeir kusu. Þetta form samskipta heppnaðist gríðarlega vel og var mikil ánægja með framtakið. Það sem stendur helst eftir, eftir önnina, er mikill lærdómur bæði notenda og starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar eftir að starfið fluttist á rafrænt form. Hugsa þurfti hratt, læra á nýja tækni og auka sveigjanleika í starfinu. Almennt er forstöðumaður sáttur við önnina í heild sinni.

DRAUMSÝNIN

Fyrst og fremst vonast forstöðumaður til að geta hafið starf með almennum hætti sem allra fyrst á árinu 2021 og að hópastarf fyrir 10–12 ára aldurshópin geti einnig hafist sem fyrst. Mikil tækifæri fólust í því að fá styrk vegna verkefnissins ÖLL sem eitt sem gerði forstöðumanni kleift að færa starfshlutfall úr 25% í 75% ásamt því að fá inn hlutastarfsmann og nýta krafta stuðningsstarfsmanns. Þó er verkefnið einungis skráð til vorsins 2021 og því óljóst hvernig næsta önn mun vera í starfinu. Hvort starf forstöðumanns fari aftur í 25% og þar af leiðandi minnka tíma forstöðumanns til að sinna starfinu eða hvort fundnar verða leiðir til að auka starfshlutfall og fjármagn. Draumsýn forstöðumanns er sú að hægt verði að auka starfshlutfall í 30–50% á starfsárinu og með því koma 10–12 ára starfi í fastar skorður líkt og opnanir fyrir 13–17 ára aldurshópin. Einnig að hægt verði að bjóða upp á fleiri opnanir, í formi almennra opnana eða hópastarfs að einhverju tagi.

SKREF TIL FRAMTÍÐAR

Fyrst og fremst ætlar forstöðumaður að berjast fyrir því að auka starfshlutfall með einhverju móti sem og að finna leiðir til að auka þjónustu, bæði fyrir 13–16 ára aldurshópinn og 10–12 ára aldurshópinn.



